Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs í Flóahreppi sumarið 2026



Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri)

Höfundar efnis: Gylfi Helgason, Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir

FS1098-26091

Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík 2026

Forsíðumynd er af beitarhúsi ÁR-018:056_2, horft er til norðurs. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

Verknúmer MÍ: 3574

©Fornleifastofnun Íslands 2026
Bræðraborgarstíg 9
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
Vefsíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður deiliskráningar vegna fyrirhugaðrar lagningar jarðstrengs á tveimur aðskildum svæðum innan sveitarfélagsins Flóahrepps. Skráningin var unnin af Fornleifastofnun Íslands ses. að beiðni RARIK. Úttektarsvæðin voru samanlagt um 9 km að lengd og samtals 30 m á breidd (en kannaðir voru 15 m til hvorrar áttar frá áætlaðri miðlínu). Úttektarsvæðið liggur að stórum hluta meðfram vegum en nær einnig yfir gróin tún og óröskuð svæði.

Vettvangsvinna fór fram í lok apríl 2026. Svæðin höfðu áður verið aðalskráð og áður en skráningin hófst voru 33 fornleifar á jafnmörgum minjastöðum þekktar innan svæðanna. Þegar skráningu lauk höfðu samtals komið í ljós 42 fornleifar á 37 minjastöðum innan svæðanna. Af þeim töldust 28 í mikilli hættu og 14 í hættu vegna fyrirhugaðrar strenglagnar. Í nánast öllum tilfellum er mögulegt að komast hjá raski á minjum með tilfærslu á jarðstreng innan áhrifasvæðis en það er í höndum Minjastofnunar Íslands að úrskurða um mótvægisaðgerðir.

Efnisorð: Fornleifaskráning, jarðstrengur, Fornleifastofnun Íslands, Flóahreppur

English Summary

This report outlines the results and conclusions of a detailed survey conducted in late April of 2026 across two areas in Flóahreppur municipality, South Iceland. The survey, commissioned by Iceland State Electricity (RARIK), was carried out in connection with the planned construction of a new underground power line in these areas.

The surveyed areas measured 30 meters in width, extending over a total length of approximately 9 kilometers. In total, 42 archaeological sites were surveyed at 37 locations. Of these, 28 sites were considered at high risk and 14 at moderate risk, in relation to the proposed power line.

Keywords: Archaeology, detailed survey, powerline, Institute of Archaeology in Iceland, Flóahreppur

Efnisyfirlit

1. Inngangur 7

2. Um fornleifaskráningu 9

3. Aðferðir 11

4. Fornleifaskrá 13

ÁR-018 Villingaholt 13

ÁR-096 Gaulverjabær 16

ÁR-122 Syðrivöllur 20

ÁR-123 Galtarstaðir 21

ÁR-124 Hamar 22

ÁR-125 Hamarshjáleiga 25

ÁR-126 Snóksnes (Skógsnes) 28

ÁR-611 Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Villingaholtshreppi 30

ÁR-631 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Gaulverjabæjarhreppi 30

5. Niðurstöður og umræða 32


Viðvarandi hættumat 33

Tímabundin hætta 33

Heimildaskrá 42

Óprentaðar heimildir: 42

Viðaukar: Minjakort 44



Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á kortinu með rauðum punktum. © Fornleifastofnun Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands

1. Inngangur

Í upphafi árs 2026 fór RARIK þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses. að stofnunin tæki að sér skráningu fornleifa á fyrirhugaðri strengleið á tveimur aðskildum svæðum á Suðurlandi, bæði í sveitarfélaginu Flóahreppi. Fornleifastofnun Íslands hafði áður unnið grunnskráningu (aðalskráningu) í Flóahreppi[1] og var hún uppfærð eftir þörfum, úttektarsvæðið kannað og sýnilegar minjar mældar upp.

Heildarlengd úttektarsvæðanna var um 9 km og bæði voru þau 30 m að breidd, 15 m til beggja átta frá miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs. Áður en úttektin hófst voru 33 fornleifar á jafnmörgum minjastöðum þekktar innan áhrifasvæðis en við úttektina bættust við níu fornleifar.

Svæðin sem um ræðir eru:

1. Svæðið er um 6 km að lengd og liggur meðfram Hamarsvegi (308) til austurs frá Gaulverjabæ og endar við bæinn Skógsnes. Flóahreppur fyrirhugar að leggja vatnslögn samhliða jarðstrengnum innan þessa svæðis.



Mynd 2: Úttektarsvæðin eru samanlagt um 9 km að og afmarkast af blárri línu á myndinni. Svæði 1 er sunnar og svæði 2 norðar á myndinni. © Fornleifastofnun Íslands og Loftmyndir ehf

1 Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. 2016 og Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. í vinnslu.

2. Fyrirhuguð strenglögn mun liggja til suðurs frá Villingaholti, meðfram Villingaholtsvegi (305) og Hamarsvegi (308). Alls er svæðið um 2,8 km að lengd.

Vettvangsvinna var unnin 22. apríl 2026 af Ragnheiði Gló Gylfadóttur, fornleifafræðingi. Ragnheiður sá einnig um skýrsluskrif og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. Alls voru skráðar 42 fornleifar á 37 minjastöðum. Við skráningu var gengið skipulega um allt úttektarsvæðið, allar fornleifar hnitsettar og öll yfirborðsummerki um minjar mæld upp með GPS-tæki af gerðinni Juniper Archer 4. Á þeim svæðum þar sem ljóst þótti á vettvangi að fyrirhugaður jarðstrengur myndi raska fornleifum var nærliggjandi umhverfi einnig athugað í þeim tilgangi að geta lagt fram tillögur að mögulegri tilfærslu á strengleið.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kafli er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um fornleifar innan úttektarsvæðis og í fimmta og síðasta kafla er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni eru heimildaskrá og minjakort.

2. Um fornleifaskráningu

Fornleifaskráning snýst um að afla upplýsinga um staðsetningu minjastaða, greina þá eftir tegundum, og kanna ástand þeirra og afdrif. Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (heimildaskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með löggjöfinni. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.


Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum. Þ.a.l. getur vönduð fornleifaskráning dregið fram heildarsvip bústaða og landnotkunar, ásamt menningarsögulegu samhengi þeirra í nærumhverfinu, s.s. álagablettum, vöðum og reiðleiðum. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef hrófla þarf við fornleifum þarf að óska eftir sérstöku leyfi Minjastofnunar og sker hún um hvort þess háttar heimild verði veitt og með hvaða skilyrðum.

3. Aðferðir


Skráning minjastaða á Íslandi á vegum Fornleifastofnunar Íslands er skráð í gagnagrunninn Ísleifu. Í því kerfi er landinu skipt upp í bújarðir eins og þær voru um miðja 19. öld en að auk skráð saman afréttir og önnur óbyggð svæði. Í gegnum tíðina hafa jarðir skipst og sameinast og landamerki breyst. Kerfið byggist þ.a.l. á almennri viðmiðun um hinar ýmsu landfræðilegu einingar (jarðir, hreppar, sóknir) sem er fest í tíma, þ.e. 1847. Á því ári var gefin út rækileg skrá (Jarðatal Johnsens) og er hún lögð til grundvallar í skiptingu jarða og hreppa. Hver sýsla hefur skammstafað heiti (ÁR, BO o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-162:001). Á hverjum minjastað eru ein eða fleiri fornleifar og bætist númer fyrir hverja og eina aftan við (dæmi: BO-162:001:01).

Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir sögu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á búskaparaðstæðum, staðháttum og náttúrufari. Þar á eftir kemur listi yfir alla minjastaði sem fundust innan hverrar jarðar. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar er auðkennisnúmer. Á eftir því kemur sérheiti staðar ef eitthvert er og síðan tegund.



Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjarnar eru, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað var um samkvæmt rituðum eða munnlegum heimildum en er horfið, eða staður þar sem ekki hefur verið mannvirki en hefur menningarsögulega merkingu (s.s. álagablettur, reiðleið eða vað). Allir minjastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra (s.s. bústaður, legstaður, vatnsból) er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar finnist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hana á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans og staðháttum lýst. Loks er lýsing á minjunum sjálfum ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) mikil hætta. Algengar langvarandi hættuorsakir eru t.d. ábúð í nágrenni minja, túnræktun eða uppblástur. Þegar minjar eru skráðar í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir er einnig lagt mat á þá hættu sem af þeim steðjar vegna þeirra og er það kallað tímabundið hættumat. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi og er hættumatið þannig notað til að vekja athygli á minjastöðum innan skipulags. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Mynd 4: Eftirtaldar skýringar eiga við allar uppmælingar sem birtast á myndum og kortum í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-018 Villingaholt

Sögulegar heimildir:
1686, kirkjustaður. The old Icelandic land registers, 106.
1708. jarðardýrleiki óviss. JÁM II, 170. Kirkjustaður.
1847, jarðardýrleiki óviss, kirkjujörð. JJ, 54.
Jarðarinnar er getið í Sturlungu, Sturl. GJ, II, 314.
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 8.
1269: „Villijnga hollt Kirckia j Villijnga hollti er helgud märiu drottningo: og petri olaui k. thorläco jeronimo hun ä land þat hälft med ollûm giædûm og kýr iij oc a saudar ku gilldi ij. tiolld vm hverfis oc alltera klædi .ij. crossa og clockur iij. calec gloda ker og elldbera. þar liggur thil tijûnd heima manna allra og [af] xij Bæûm odrûm þadann er songur a eigil stadi oc jcols hollt oc ij merckur caûps j hûorûm stad þeira þar skal vera prestr heimilis fastûr oc sijngia allar heimilis tijdir og log helga daga og þa er messa er gor til. ij: messur anan huern dag vm langa fostu: þar scal vera diakn .vij. vicûr vm langa fostû sa sem Byscup vill eda qvengilldur omagi: ella Byscup sa er j scala hollti a foræde circiu fia þessa: fiorûm morcûm scal caûpa ad preste oc lýsa circiu frä märiu messu sydari vnz lijdur paska vicu.“ DI II 62-63.
1331: „Villijngahollt Suo mikit tok jon prestur erlendzsson med kirkiunne j willijnga hollti. [fimm kyr oc xviij ær. Jtem j skrvda messuklædi. iij. alltara klædi. kalek. krossa. ij. munnlog og glodaker. alltarisduk. kerttistiku med kopar. lectara. tuo tiolld vmm songhus. mariuskript. messijngar ketil. fiorar kluckur. fonnt klædi. skirnar sä. fimm merkur vax. slopp oc käpu. peturs skript. þar skal vera heimilis prestur oc taka fiorar merkur. þar skal oc vera diäknne. vij. vikur edr kuenngilldur omagi sa sem [Jon biskup vill skipa.“ DI II 661
1382-91: „a heimaland halft. Þar skal vera heimilisprestur oc kuenngilldur omagi. portio Ecclesiæ vm .xx. ar .xv. hundrad. 1397 Hun aa yfer þat framm sem skrifad er j mäldaga herra Michels. kv. og adra kv er kom firir vid er adur er skrifadur. portio Ecclesiæ vmm .x. är .v. hundrud. Hefur Eyolfur bondi bætt nu kirkiuna til .vij. hunndrada.“ DI IV 59
Um 1480: „Villijnngaholltt. Peturskirkia j vijllijnngahollte a heimaland halft. iiij kyr oc lx äsaudar. ein hestur. messuklæde et cetera. x aurar vax. luck[t]e ulfheidinn þa er hann for fra jordunne v. aura j porcionem ecclesie. þreuetrann hrut oc xviij alner voru.“ DI VI, 319 [Þjsks Bps A II, 1, bl. 123a] Jarðarinnar er getið í eignaskiptabréfi Kolsholts frá 1524, DI IX, 256. Bréf um Villingaholt frá 1540 er varðveitt í bréfabók Gizurar biskups Einarssonar, DI X, 583. Þá er jarðarinnar getið í kaupbréfi fyrir hluta úr Traustholti frá 1558, DI XIII, 342 og í dómi um fjallaskil um Flóa og Skeið, DI XIV, 627.
1553: Máldagi. DI XII, 657.
1570: Máldagi. DI XV, 657.
1592: „jtem sio morg bænhus j samri sokn. jn primis ä Eigilstodum sog(d) þridiunga kyrka. jtem j kollshollti aunnur þridiunga kyrkia. enn um kuijllde veit eg ecki. jtem bænhus a miossende og ijc þar med sem er kyr og hestur og þau eru hia sÿra biarna Gislasyne.“ AM 2624to bl. 11.
1708: „Heller, hjáleiga af heimastaðnum, bygð í fyrstu fyrir vel 50 árum skamt frá heimatúninu, þar sem ekki hafði áður bygð verið ... Stecker, önnur hjáleiga af heimastaðnum, bygð í fyrstu hjer um 60 árum, hefur í eyði legið næstu 18 ár.“ JÁM II, 170.
1856: Villingaholtsprestakall lagt niður og Villingaholtssókn lögð til Gaulverjabæjar en Hróarsholtssókn til Hraungerðis; (PP, 74) [konungsbréf]
1907: Gaulverjabæjarprestakall lagt niður og Villingaholtssókn lögð til Hraungerðis; (PP, 74) [lög]
1981: „Staðurinn stóð áður uppi á holtinu suðaustan við þar sem nú er skólinn og sér þar enn fyrir tóftum. Bærinn í Villingaholti var fluttur 1785-1792 á hjáleigu þá sem Hellir hét, þangað sem hann stendur nú ... Villingaholt II. Smábýli. byggt 1968. Því fylgja 10 ha. úr landi Villingaholts.“ SB II, 57-8.

Landshættir:
1708: „Fóðrast kann viii kýr, iiii úngneyti, i hestur alinn, xl ær, lömb engin, iii hestar. Afrjettur ut supra. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Móskurður til eldiviðar lakur. Silúngsveiði hefur áður verið í

Villíngaholtsvatni, en nú brugðist í margt ár. Staðurinn brúkar nú skóg til kolagjarðar almenníngi ut supra. Túninu grandar sandfok til stórskaða og eyðileggingar. Landinu grandar sama sandfok og hefur eyðilagt hjer um þriðjúng úthaganna, sem þó var einna bestur og kostugastur til hagbeitar. Hætt er kvikfje merkilega fyrir Skúfslæk, og hefur jafnlega að því stórskaði orðið, ogso er hætt kvikfje fyrir holgryfjulækjum, sem kallast Egilsstaðaósar. Vatnsból erfitt á vetur fyrir fannlögum.“ JÁM II, 169-70.

ÁR-018:052 heimild leið A: 413844 N: 375793

Á herforingjaráðskorti frá 1908 er merkt leið til suðurs frá svokölluðum Villingaholtshól. Þar eru nú m.a. Flóaskóli og fleiri byggingar. Leiðin lá fast vestan við bæ 001, þvert yfir leið ÁR-611:029 og sameinaðist leið ÁR-611:008 við Þjórsá.

Þar sem leiðin lá er uppblásið svæði sem að hluta er gróið aftur til suðurs. Þar er mikill sandur sem Þjórsá ber með sér. Til norðurs eru slétt, grasi vaxin tún.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Hættumat (viðvarandi): engin hætta

Hættumat (tímabundið): mikil hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 48 NV 1:50000

ÁR-018:053 náma mógrafir A: 413103 N: 374880



Mógrafir ÁR-018:053, horft til suðausturs.

Mógrafir eru rúmum 80 m sunnan við beitarhús 056 og rúmum 1,4 km suðvestan við bæ 001. Mógrafirnar eru suðaustan við nýbýlið Grund og innan landsvæðis sem því tilheyrir að öllum líkindum. Hamarsvegur (308) liggur N-S fast vestan við mógrafirnar, á milli þeirra og Grundar. Rafmagnsmastur er við austurenda mógrafanna og raflínan endar þar.

Gróin og framræst mýri, nýtt til beitar. Til norðurs frá mógröfunum hefur verið unnið tún en til austurs eru þýfðir rimar, dælar og lækjardrög.

Mógrafirnar eru alls um 0,3 ha að stærð (75x63 m) og snúa austur-vestur. Mótekjusvæðið er breiðast til norðurs og mjókkar til suðurs. Mógrafirnar skipta tugum og virðast renna saman að mestu. Þó sjást stakar grafir í jöðrunum, þær eru um 5x5 m að stærð. Vatn var í mógröfunum, um 0,3-0,5 m að dýpt, en þær þorna líklega upp á sumrin, gróðurfar svæðisins bendir til þess.

Hættumat (viðvarandi): engin hætta

Hættumat (tímabundið): mikil hætta

ÁR-018:054 þúst óþekkt A: 413929 N: 376099

Þúst er um 80 m austan við bæ 001 (Gamla-Villingaholt) og um 370 m norðan við leið 052. Þústin er skammt austan við Villingaholtsveg (305) og reiðstígur er á milli hennar og vegarins. Ljósleiðari var lagður fast austan við reiðstíginn án þess að nokkur fornleifaskráning færi fram. Milli reiðstígarins og þústarinnar er nokkuð jarðrask. Vegna nálægðar við heimatún Gamla-Villingaholts er líklegt að hér sé mannvist undir sverði.



Þúst ÁR-018:054, hoft til norðurs.

Svæðið blés upp en hefur gróið upp aftur. Þústin er austarlega á holtsbrún þar sem landi tekur að halla niður að deiglendi.

Þústin er 11x9 m að stærð og snýr norður-suður. Rof er vestan í henni og engu líkara en þeim hluta hafi verið rutt út. Þústin er 0,5-1 m á hæð, hæst til suðurs. Hún fjarar út til annarra átta og er algróin.

Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna vegagerðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta

ÁR-018:055 þúst óþekkt A: 413309 N: 374921

Þúst er skammt austan við Hamarsveg (308), um 30 m norðan við mógrafir 053 og tæpa 1,4 km suðvestan við bæ 001. Hún er skammt suðaustan við nýbýlið Grund. Lögun og umfang þústarinnar bendir til þess að hér sé mannvist undir sverði.



Þúst ÁR-018:055, horft til suðurs.

Framræst mýri og víða má sjá rima, lækjardrög og dælar. Til austurs og norðurs frá þústinni er svæðið grænna en annars og líklega búið að slétta það að hluta.
Þústin er um 13 m í þvermál og rís hæst um 0,5 m upp úr flatlendi. Ofan á henni er fuglaþúfa en annars er hún fremur slétt og grasi vaxin. Í norðurhluta þústarinnar er rof, 5,3x2,3 m að stærð og 0,2-0,3 m að dýpt. Mögulega er það ummerki um hólf eða mannvirki sem þarna var.
Hættumat (viðvarandi): engin hætta
Hættumat (tímabundið): hætta

ÁR-018:056-1 tóft beitarhús A: 413154 N: 374957

Þrjár tóftir eru um 40 m norðan við þúst 055 og rúmum 1,3 km suðvestan við bæ 001. Nýbýlið Grund er vestan við Hamarsveg (308), andspænis tóftunum. Tóftirnar eru suðvestan við djúpan framræsluskurð og staðsetning tveggja tóftanna tekur mið af honum. Beitarhúsin eru ekki sýnd á herforingjaráðskorti frá 1908 en komin í notkun þegar loftmynd frá árinu 1946 er tekin og taldar hér til fornleifa vegna forns byggingarlags. Gróin og framræst mýri, nýtt til beitar. Til suðurs hefur verið unnið tún en til austurs eru þýfðir rimar, dælar



Uppmæling af tóftum ÁR-018:056. © Lofmyndir ehf og FSÍ



Tóft ÁR-018:056_1, horft til norðurs.

og lækjardrög. Tóftirnar eru á svæði sem er 60x21 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.
Tóft 01 er suðaustust. Skurðurinn er fast norðan hennar en búið að slétta uppmokstur úr honum beggja vegna við tóftina. Hún er 5,5 x 4,3 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru 0,5 m á hæð og hlaðnir úr torfi og grjóti. Steinar sjást ekki á yfirborði en finnast þó greinilega þegar gengið er við tóftina. Op er á vesturgafli.
Hættumat (viðvarandi): engin hætta
Hættumat (tímabundið): hætta

ÁR-018:056-2 tóft beitarhús A: 413126 N: 374970



Tóft ÁR-018:056_2, horft til austurs.

Tóft 02 er 25 m norðvestan við tóft 01. Hún er stærst þessara tófta sem hér eru skráðar en svo virðist sem norðurhluta hennar hafi verið rutt út, þar er nú ávöl og græn þúst. Suðvesturhluti tóftarinnar sést enn, 10,5 x 10,5 m að stærð. Op er á miðjum suðvesturgafli. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, 2 m á breidd og 1 m á hæð. Þeir eru grasi grónir en engu að síður glittir í stöku grjót í ytra byrði þeirra. Að innan má sjá 3-4 umför af fremur smáu grjóti. Hrunið er úr vesturgafli en aðrar hliðar standa enn nokkuð vel.
Hættumat (viðvarandi): engin hætta
Hættumat (tímabundið): mikil hætta

ÁR-018:056-3 tóft beitarhús A: 413116 N: 374992



Tóft ÁR-018:056_3, horft til norðausturs.

Tóft 03 er 15 m norðaustan við tóft 02, fast suðvestan við sama skurð og tóft 01. Hún er 6,6x5,2 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru 0,5-0,8 m á hæð og hlaðnir úr torfi og grjóti. Það má greina 2 umför af grjóti í innanverðum veggjum en að utan eru þeir algrónir. Hrunið hefur úr norðausturhorni veggja sem annars standa enn vel. Op er á miðjum suðvesturgafli og vindmælir er á járnstöng við suðvesturhorn tóftarinnar.
Hættumat (viðvarandi): engin hætta
Hættumat (tímabundið): mikil hætta

ÁR-096 Gaulverjabær

Sögulegar heimildir:
1686, kirkjustaður. The old Icelandic land registers, 106.
1708. jarðardýrleiki óviss. JÁM II, 33-34. Kirkjustaður.
1847, 25 hdr. JJ, 57.

Jarðarinnar er getið í Landnámu: „Loptr son Orms Fróða[sonar] kom af Gaulum til Íslands ungr at aldri ok nam fyrir útan Þjórsá milli Rauðár ok Þjórsár ok upp til Skúfslækjar ok Breiðamýri ena eystri upp til Súluholts og bjó í Gaulverjabæ ok Oddný móðir hans, dóttir Þorbjarnar gaulverska.“ ÍF I, 368.
1178-1193: Gunnar hét prestur og kirkjuhaldari í Gaulverjabæ.“ DI I, 404.
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII, 8.
Um 1220: „J Gavlveria bo liggr halft land til kirkiv með ollvm gæðvm j hvsvm oc ollvm lands nytivm. acr lond a loptstoðvm. [404] þara qvama oll vestr fra hvse half til kirkiv a vetrinn oc sin misseri hvart fiara avstr fra hvsvm eða vestur með ollvm gæðvm oðrvm við lopstaða menn. oc skiptist at vetr nottvm. þeir scolv raða er j golveria bæ bva fyrir beit a myre oc a voll við þa er sambeit eiga. alftar reiðr oll hvar sem finnast j galtar staðar landi oc vallar landi. Selfor ef vill j vallar land. Kyr .iiij. a kirkia oc messv fot. klvckr .iiij. kerti stikvr .ij. alltara blæivr. mvnnlogar .iij. oc gloða ker. roðv cross. stolar .ij. tvo pvnd vax. lic vitil. Bæiar landi fylgia allar veiðar at helmingi við lopstaða land j fiorv. þar scal vera prestr heimilis fastr oc syngia allar heimilis tiðir ef ma fyrir þingvm. messa hvern dag vm iola fostv .ij. vm langa fostv oc sva imbrodaga. vigilia hvern dag vm langa fostv. allir þeir menn sem sambeit eigv vpp a voll scolv hafa j troð fe sitt of vetr vpp fra olafs messv. þar scal fa til bryggiv a gerða læc. þessvm maldaga helt eyiolfr vpp þa er hann bio j bo. oc reiddi þa af hondvm sem þeir gjorðv sin a milli þeir þorlacr biscvp hinn helgi oc gvnnaR prestr.“ DI I, 403-404.
Um 1220: „…af Ragnheiðarstöðum skal] giallda hvert havst j golveria bæ gellding.“ DI I, 411.
Gaulverjabæjar er getið í Flóamannasögu, ÍF, XII, 8, og er getið í Konungsannál: „1308: Dáinn Guðmundr ábóti at Helgafelli. Árni byskup ok herra Haukr settu lærðra manna spítal í Gaulverjabæ. Lanskjálfti fyrir sunnan land, ok fellu átján bæir.“ Annálar, GJ., 68.
1308: „Arnj byskup Helga son og Havcr Erlends son settv lærdra manna spital j Gaulueria bæ j Floa.“ Gottskálksannáll, Konungsannáll, Skálholtsannáll, Flateyjarannáll, IA 341, 149, 201, 391.
Jarðarinnar er getið í sölubréfi Hróarsholts frá 1508, DI VIII, 254.
1331: „Bær j floa. Mariukirkia j gaulveriabæ oc hins heilaga þorlakz a allt heima lannd med gognum oc giædum. þessar vtjardir. haugh. hella. gotu. akurlannd vnndir sælldijng kornns a loptzstodum arliga oc þara medur sem nægist og veturbeit verkhestum ij. oc fololldum tueuetrum oc yngrum. og saudum fyrir vestann gotu. sia beitt hefst er saudur kemur frä rettum oc til þess er lomb fara ä burtt ä var. nauta beit. vnnst vj vikur eru af sumre. halfann hualreka vmm allar fiorur eiga gaulveriar vid loptstadamenn og so at fara at weidum. enn fiara skiptist ad wetrunottum oc eigu adrir austur frä hvsi enn adrir vestur vidreka. Enn fiskreke skiptist ad kasa skere. oc eiga golueriar sin missere huora fioru. soluanam eigu golueriar oc þangskurd. Eigu þeir oc skipshofnn naust fioss oc kornngard at giora allir. þeir skulu räda er j gaulveriabæ bva firir beit ä myre oc a voll vid þa er sambeit eiga. ältarhreidur oll huar sem finnast j galltarstada lanndi. j vallar lanndi. selfor a nedravoll oc skal þeim þar fa er j bæ bua hus oc syruker. staudull oc kuijar. fiortugan kost j selia lannd. allir þeir menner sambeit eigu vpp a vollu skulu hafa j trod fie sitt vpp fra olafsmessu. eitt tre skal fa til bruggu a gierdalæk. j nes er stodhrossabeit enn a hamri er tueggia gelldhesta beit. a galltastodum er ij. hesta beit j alogum. Þessi voru kuikfie medur bæiar kirkiu þä er sijra ormur hafþor[s]son tok med. xx kyr. vj tigir asaudar. fiorutygir veturgamlir. vj. saudir gamlir. þrijr þrevetrir. vj naut. veturgavmul. iij. tuævetur. eitt þrevætt. v kalfar. vij hundrud j hrossum. fiordungur oc xx smiors. fimm fiordungar mors. halfa husvætt miolz. vj nauta limer. eitt krof. tuiju tigir skreidar. ij tunnur skyrs. atta hunndrud jnnan veggia. hia c.“ DI II, 671-672.
1356: „Gavlveriabær. Mariukirkia j Gaulveriabæ a heimaland allt med gognum oc giædum. haug. leiga. cc. hellir. leiga iij merkur. Gardar leiga iij. merkur. jtem jnnan sig et cetera. kirkian a akurlannd vnndir sælldijnng kornns a loptstodum arliga oc þara med sem nægist. gaulveriar eiga veturbeit j loptstada lannd verkhestum ij oc fololldvm oc vnnghryssum. og saudum fyrir vestann gotu. skal beit þessi hefiast er saudir gannga fra rettum oc til þess er lommb fara fra saudum. nauta beit til þess er vj vikur eru af sumre. halfan hualreka vmm allar fiorur eiga gaulveriar vid loftstadamenn oc suo at fara ad eidum enn fiara skiptist ad veturnottum oc eiga adrir austur fra husum enn adrar vestur vidreka. enn fiskreke skiptist ad kasaskerium. oc eiga aulveriar sijn missere huora fioru. Saulva nam eigu gaulveriar oc þanngskurd. þeir eiga oc skipshofnn. nost oc fios oc kornngard ad giora. þeir skulu rada fyrir beit er j gaulveriabæ bua. a myre oc a vollur vid þa er sambeit eiga. läta reidur oll huar sem finnast j galltarstadar lannde. j vallar lannde. Selfor a nedra voll oc skal þar þeim fa er j bæ bua hrossastodul oc kui. fertugann kost j gerdar lanndi. allir þeir menn sem sambeit eigu vpp a vollur skulu hafa j trod fee sitt vpp fra Olafsmessu. eitt tre skal fä til bryggiu a gardalæk. j nes er stodhrossa beit. enn ä hamri ij gelldhesta beit. ä galltastodum j alogum. Suo mikid kuikfie sem hier seigir. lx asaudar. ix kyr oc xxx. iij naut tuæuetur. ix naut veturgomul. iij. kalfar. eitt naut fiogra etra. halft siounda hunndrad j hrossum. viij hundrud j metfe. suo mikid hefur sijra þorkell þordarson til lagt ad auk þess sem ädur seigir. iij alltaraklæde et cetera.“ DI III 114.


1382-91: „ä Heimaland allt med gognum oc giædum. Haug. leiga .cc. Hella. lega .iij. merkur. Gerdar .iij. morkumm leiga. [+akurland, veturbeit, reka, veiði, sölvanám, Þangskurð, skipshöfn, selför] Eitt tre skal fa til bryggiu a Gardalæk. portio Ecclesiæ arliga .xv. aurar vmm .vj. ar hinv næstu. 1397 Mariukirkia j Gaulveriabæ [a] ad auk Þess sem adur stendur j maldaga Herra Michels [kvikfé] hefur gefist til medann sira Hrafn var .xc. j virdingar fie portio Ecclesiæ vmm .iij. är er sira Hrafn hefur verid .ij. næstu. xv. aurar ä huoriu äre. Hefur sira Hrafn tekid .iiij. merkur j Spitalstoll.“ DI IV 56-58.
1397: „[til Gegnishóla] skal syngia annann hvern dag helgann og Katrinar messu vr bæ. luka .ij. merkur presti. tekst heima tiund oc lysitollar allra heimamanna.“ DI IV.
1446: „[Þorvarður Loptsson gefur kirkjunni í sitt testamenti].“ DI IV 675.
1491-1518: „Jtem reiknadizt kirkiupeningar I gaulveriabæ I floa. fimtiger. c. þa var talin sa reikningsskapur. sem sira auzuri biorrnssyni var gior fyrir stadarbot.“ DI VII, 45 [AM 257 4to: AM Apogr. 2654].
1491-1518: „Bænhus j nedrum gegnissholum ... þar skal syngia [vr] Bæ tolf messur. og luka presti half[a] mork j savngkaup.“ DI VII, 45 [AM 263 fol, bl. 55].
Árið 1529 gaf Ögmundur biskup í Skálholti út staðarbréf handa Jóni presti Gíslasyni fyrir Gaulverjabæ sem Jón prestur Árnason hafði viljanlega upp gefið, DI IX, 504. Jarðarinnar er getið í tylftardómi klerka frá 1531, DI IX, 574 og í kaupbréfi Fljótshóla frá 1532, DI IX, 640 og 1533, DI IX, 688. Þá er jarðarinnar getið í dómi um kærur séra Odds Halldórssonar til séra Stefáns Hallkelssonar um hald á staðnum frá 1545, DI XI, 372 og eiðar vegna sama máls frá 1545 einnig varðveittir, DI XI, 446. Jarðarinnar er einnig getið í dómi vegna ranglegrar meðferðar á hvölum drepnum á Loftsstöðum frá 1546, DI XI, 505 og í sölubréfi Fljótshóla frá 1547, DI XI, 529. Þá er hennar getið í dómi um fjallaskil um Flóa og Skeið frá 1567, DI XIV, 627.
Um 1500: „GaulveriaBæiar kirkciu mäldage. Kirkian I Gaulveriabæ ä heimaland allt med gognum og giædum. Hun ä þessar jarder. Hellur. leigd fyrer hundrad. Haug leigd fyrer hundrad. Gierdur leigd fyrer hundrad. Nedra voll leigd fyrer hundrad. Hamar leigd fyrer hundrad. Snogznes leigd fyrer hundrad. Kirkian a akurland under sællding kornz a loptstodum arlega oc þara med sem nægest. Gaulveriar eiga vetrar beit I loptstada land verkhestum tveimur. fololldum. unghrosum og saudum fyrer vestann gautu. skal beit þesse hefiazt er saudur geingur fra riettum og til þess lomb fara fra saudum. nautabeit unst vj. vikur ero af sumre. halfan hvalreka um allar fiorur eiga Gaulveriar vid loptstada menn oc suo ad fara ad veidum. enn fiara skiptizt ad veturnottum. oc eiga adrer austur fra enn adrer vesur vidreka. Enn fiskreke skiptizt ad kasaskiere oc eiga Gualveriar sin missere hvorar fiorur. Gaulveriar eiga allann þara vestur fra husum unnst iiij vikur ero af sumre. þa eiga loptstadamenn þara allann til fostudagsinz j fardogum ä þeim hluta fioru er þeir haft hafa annad sumarid ädur. Solvanam eiga Gaulveriar oc þangskurd. þeir eiga skipstodu naust oc fios anda skipverium oc korngard ä loptstodum arlega. þeir skulu räda firir beit er aa Gaulveria bæ bua ä allre myre. og ä Vollur vid þa er sambeit eiga. lata finna hreidur oll hvar sem finnast j Galltastada lande oc Vallar lande. Selfor a nedra voll og skal þar þeim fa er a Bæ bua hross stodul oc kvijar. fertugan kost j Gierdaland.aller þeir menn sem sambeit eiga upp I woll. skulu hafa j trod fienad sinn upp fra olafs messo. Eitt trie skal fara til bruar ä Gierdalæk. J Nese er stodhrossa beit. enn a Hamre tveggia gielldhrossa beit. tveggia gielldhesta beit a Galltastodum j älogum“ DI VII, 454-55. [AM Apogr. 1896 skr. 23.10.1712 eftir afskrift sr. Vigfúsar Oddssonar (d. 1650) og hafði sr. Oddur Stefánsson (d. 1641) skr. máld þetta er sa Bæiarkirckiu maldagi sem eg hefi epter hallded og miner forverarar fyrir mig. Oddur Stephansson med eigin hendi og hafði hann látið þinglesa máld. á Bæjarþingi 7.5.1636; AM Apogr. 1897 skr. 23.8.1712 eftir afskr. gerðri 16.10.1646 skr. eftir bréfabók sr. Stefáns Gíslasonar (d. 28.2.1615); AM Apogr 1898 skr. 23.8.1712 eftir afskr. sr. Jóns Erlendssonar eftir ódags. vidisse manna sem votta að sín afskr. sie ad ollu samhlioda eiginn handskript saluga syra Gudmundar Gyslasonar (d. 1605). Er því einsætt að þessi gerð máld. er frá 16. öld en hann er í aðalatriðum einsog [1331] og [1356] en hefur umfram um þara, sem þó er að innihaldi í [um 1220] og þrjár kirkjujarðir umfram þessa máld og 1575. Er sennilega að stofni til heimamáldagi frá 13. eða 14. öld, með viðbættum 3 kirkjujörðum og leigumála frá 16. öld].
1533: Máldagi. DI XI, 112.
1553: Máldagi. DI XII, 657-8.
1575: Máldagi. DI XV, 656-657.
1611: „J gaulveriaBæjar kyrckiusokn eru xxvj. jarder. sex af þeim eru kyrckiunnar eign j Bæj þeirra nafn eru. 1. Hellur. 2. Haugur. 3. Gierdar. 4. Nedrevollur. 5. Hamar. 6. Snoksnes. Þessar eru Skalholltzjarder j Bæjarsokn. 1. fliotzholar. 2 Ragneidarstader. 3 Nedri Loptstader 4. Loptstader efre. 5. Arnarholl. 6 Hrutstader. 7. Seliatungur. 8. Svidugardinn 9 Ossabær. 10 Efrevollur. 11. Hatun. 12 Tunga (leikur a tveim tungum huort hun sie logbyle eda hialeiga) 13. Bugstader. 13. Hæringstader. Þessar eru Bænda Jarder J Bæiarsokn. ad nofnum og dyrleika (þad sagt er) sem eptir fylgier.

1.Giegnisholar sydre xxxc. 2.Giegnisholar efre xxxc. 3.Medalholltt ytre xc 4.Hollt 8c kyrckiujord fra Stockseyri er Medalhollt. kyrckiujord fra alfhollti er Galltastader.“ AM 66a 8vo, bl. 25a-26b. 1856: Villingaholtsprestakall lagt niður og Villingaholtssókn lögð til Gaulverjabæjar. (PP, 74) [konungsbréf] 1907: Gaulverjabæjarprestakall lagt niður og sóknin lögð til Stokkseyrar en Villingaholtssókn lögð til Hraungerðis; (PP, 74) [lög].
„Brandshús, fyrsta hjáleiga af heimastaðnum Bæ ... Gardhús, önnur hjáleiga ... Dalbær þriðja hjáleiga ... Hardhaus, kallað almennilega Geirakot, fjórða hjáleiga ... Vadlakot“ JÁM II, 34-35. Brandshús, Garðshús, Dalbær, Vaðlakot og Geirakot eru einnig hjáleigur árið 1803 en Geirakot var farið í eyði fyrir 1840. Þar að auki voru Hellur, Haugur og Gerðar Gaulverjabæjarkirkjueign.

Landshættir:
1708: „Fóðrast kann xvi kýr, xl ær, viii geldnaut, xl lömb, iiii hestar og ii eldishestar ... Afrjett ut supra. Torfrista sæmileg. Torfstúnga lök. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meiinast vera mega, en brúkast ei. Eggversvon í Vatnahólma ... Dúntekja ... valla talsverð ... Reka á staðurinn fyrir Loftstaðalandi, allan hálfan af hvölum, en viðarreka til skiftis ... Þángreka fyrir öllu Loftstaðalandi ... Skipstaða í Loftstaðalandi ... Vetrarbeit í Loftstaðalandi ... Skógarhögg fyrir norðan Hreppa í takmörkuðum reit, þar sem kölluð er Maríutorfa eða Fagriskógur ... Móskurð til eldiðviðar í þerri staðarins jörð, sem heita Gerðar ... Stóðhrossabeit eignar presturinn staðnum á jörðunni Nesi .. Tveggja geldhesta beit á Hamri, og so á Galtarstöðum .. Fuglvarp alt í Galtarstaða og Syðri Vallar landi ... Enginu grandar skaðsamur ferðamanna átroðníngur ... Hætt er engjum fyrir sandfoki .. Hætt er kvikfje fyrir hraungjám og graflækjum, sem árlega gjöra skaða“ JÁM II, 33-34.

ÁR-096:016 heimild túngarður A: 407051 N: 371658
„Frá Brandshúsamörkum norður undir vegi vottaði í tíð Dags Brynjólfssonar greinilega fyrir fornum vörzlugarði, og lá hann til austurs nálægt Garðhúsum og áfram norðan og austan við Dalbæ. Hann hafði sýnilega verið mikið mannvirki,“ segir í örnefnalýsingu. Garðurinn er horfinn og því miður er ekkert vitað um legu hans utan þessarrar lýsingar. Hann lá eflaust á milli Drumbhóls 015 og Garðhúsa ÁR-098 en þessu svæði var umturnað með sléttun um miðja síðustu öld. Sé tekið mið af lýsingunni er mögulega um sameiginlegan túngarð hverfisins að ræða. Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er gaddavír teiknaður umhverfis túnið en líklega var þarna hlaðinn garður áður eins og víða annars staðar í hreppnum. Ekki er ólíklegt að girðingin hafi verið á svipuðum slóðum og forni garðurinn.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): hætta
Heimildir: Ö-Gaulverjabær, 1; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

ÁR-096:030 *Skilarétt hreppsins* tóft rétt A: 406887 N: 371625
Fjárrétt er um 380 m norðan við bæ 001 og 450 m sunnan við brú 027. Hún var byggð um 1930 en forveri þessarar réttar var í landi Syðri-Vallar (sjá ÁR-122:019). Efni úr eldri réttinni var tekið og nýtt aftur við hleðsluna hér. Réttin er rúmum 100 m austan við Félagslund, við gatnamót þjóðvega (33) og (308). Réttin er ekki nýtt lengur nema fyrir ríðandi fólk, það stoppar og setur hross sín þarna inn. Réttin er talin til fornleifa vegna forns byggingarlags.
Réttin er á opnu svæði fast norðan við þjóðveg (305). Umhverfis hana er malarplan nema til norðurs, þar eru gróin tún.



Uppmæling af Skilarétt hreppsins.


Skilarétt ÁR-096:030, horft til norðurs.


Réttin er 21x14 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er grjóthlaðin og op er á miðri suðurhlið. Þar er nýlegt járnhlið fyrir framan. Ekki sjást dilkar inni í réttinni, þeir eru horfnir eða voru úr timbri. Veggirnir eru rúmlega 1 m á breidd og 1,3 m á hæð. Það má greina 5-6 umför í þeim. Ofan á veggjunum er þunnt torf.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna vegagerðar
Hættumat (tímabundið): hætta

ÁR-122 Syðrivöllur

Sögulegar heimildir:
1708 og 1847, jarðardýrleiki óviss, Gaulverjabæjarkirkjueign. JÁM II, 18, JJ, 58.
1397: Jarðarinnar er getið í máldaga Gaulverjabæjarkirkju frá, DI IV, 57.
1500: Máldagi, DI VII, 454-55.
1533: Máldagi, DI XII, 657
1611: Máldagi, AM 66a 8vo bl. 25a-26b.
Í máldögunum er jörðin nefnd Neðri Völlur.
1981: „Tvíbýli hefur verið á jörðinni um aldir [vestur- og austurbær] ... Úr þeirri hálflendu sem kölluð er vesturbær er Syðri-Völlur III byggður 1958.“ SB II, 163.

Landshættir:
1708: „Fóðrast kann x kýr, xx ær, xx lömb, iiii hestar ... Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast vera, en brúkast ei. Elt er taði. Skógarhögg hafa ábúendur frí sem aðrir staðarin landsetar ut supra. Engjunum spillir átroðningur af ferðafólki, sem reka lestir um þær, og beita so ekki veriðu viðvarðað. Hætt er kvikfje fyrir hraungjám og holgryfjulækjum og verður stundum að skaða.“ JÁM II, 18.
1918: „Syðri Völlur (vesturbær). Stærð túnsins 2.1 ha. þar af sljett ca. 4/5. Stærð matjurtagarða 714 [fer] metrar.“ Túnakort 1918. „Syðri Völlur (austurbær). Stærð túnsins: 2.2 ha. þar af sljett ca. 9/10. Stærð matjurtagarða: 1500 [fer] metrar.“ Túnakort 1918.

ÁR-122:019-1 *Vallarétt* hleðsla rétt A: 408212 N: 371872
„Fast við veginn skammt norðan við Leirgrafarhól er fjárrétt, sem heitir Vallarrétt. Er nú (1955) hætt að nota hana sem rétt, enda er hún nú að mestu fallin, en hún var áður skilarétt, og hefir verið réttað í henni fram á síðustu ár,“ segir í örnefnalýsingu. Vallarrétt var byggð um 1926 samkvæmt örnefnaskrá Hamars. Réttin er um 460 m vestan við Vörðuheiði 020 og tæpa 630 m norðvestan við bæ 001 en hefur verið rifin. Enn má sjá hluta af einum vegg réttarinnar engu að síður.



Uppmæling af minjum ÁR-122:019.

Gróin vegöxl er til norðurs frá réttinni en tún og bithagar til suðurs. Vírgirðing liggur A-V fast sunnan

við vegginn.
Réttin sést vel á loftmyndum teknum árin 1946 og 1961. Samkvæmt þeim var hún um 20x16 m að stærð og greina má tvö hólf. Enn sést óljóst veggjarbrot, 22 m að lengd, 2 m breidd og 0,5 m á hæð og er hluti af norðurhlið réttarinnar. Aðrir hlutar eru komnir undir tún.
Hættumat (viðvarandi): mikil hætta, vegna vegagerðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta
Heimildir: Ö-Syðri-Völlur (Vesturbær), 1; Ö-Hamar, 2.


Veggur ÁR-122:019_1, horft til austurs.

ÁR-122:019-2 þúst óþekkt A: 408202 N: 371877
Þústin er 5 m VNV við rétt 01. Hún er fast sunnan við Hamarsveg (308) og jarðrask þar töluvert. Þústin er um 5,7 m í þvermál, 0,3-0,4 m á hæð, þýfð og gróin. Smá bunga gengur áfram til vesturs, alls um 1,5 m. Þústin er líklega ekki mjög forn sé horft til staðsetningar og jarðrasks. Umfangið og nálægð við rétt 01 er hins vegar töluvert og því er hún talin hér til fornleifa.
Hættumat (viðvarandi): mikil hætta, vegna vegagerðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta


Þúst ÁR-122:019_2, horft til austurs.

ÁR-123 Galtarstaðir

Sögulegar heimildir:
1708: Jarðardýrleiki óviss, Kálfholtskirkjueign. JÁM II, 17-18
1847: 15 hdr. Kálfholtskirkjueign. JJ, 59.
Jarðarinnar er getið í máldaga Gaulverjabæjarkirkju frá um 1220, DI I, 404. Hennar er einnig getið í máldaga sömu kirkju frá 1331, (DI II, 671), 1356, (DI III, 114), 1397, (DI IV, 57), um 1500 (DI VII, 455) og frá 1553 (DI XII, 657). Þá er hennar getið í máldaga Kálfholtskirkju frá 1570, DI XV, 658.

Landshættir:
1708: „Fóðrast kann vi kýr, xii ær, x lömb, iiii hestar. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga lök. Elt er taði. Engjar eru votsóktar, heyskapnum til stórskaða. Landþröng er mikil, og kaupir ábúandi sumarhaga ... Hætt er kvikfje fyrir holgryfjulækjum og verður stundum að stórmeini.“ JÁM II, 17-18.

ÁR-123:010 *Langavað* heimild vað A: 409384 N: 372025
Í landamerkjalýsingu Gaulverjabæjar ásamt hjáleigum og kirkjujörðum frá 1885 stendur: „Markaflóðið“ milli Efri og Neðri-Vallar og þá í Breiðavað (Langavað) á Vallarlæk.“ „Á mörkum Vallar og Galtastaða, þar sem þjóðvegurinn liggur yfir merkjalækinn, hefir áður verið vað á læknum, sem hét Langavað,“ segir í örnefnalýsingu. Langavað var 500 m vestan við bæ 001 og 520 m norðvestan við útihús 004. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var notað.
Vallarlækur var grafinn fram sem hluti Flóaáveitu og er mikið breyttur. Malbikaður þjóðvegur er hér nú að auki og ræsi undir hann.
Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
Hættumat (viðvarandi): mikil hætta, vegna vegagerðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta

Heimildir: Ö-Galtastaðir, 1; https://jardir.skjalasafn.is/bok/1

ÁR-123:025-2 heimild stífla A: 409627 N: 372029
Á kortinu Gaulverjabær – nokkur örnefni og jarðamörk sem gert var af Sigurjóni Erlingssyni, eru merktar inn 11 stíflur sem tilheyrðu Flóaáveitu ÁR-631:008. Þær eru allar, utan tveggja, sunnan við Hamarsveg (308) sem liggur þvert í gegnum land jarðarinnar, enda voru engjarnar að mestu sunnan vegarins. Hér eru allar stíflurnar skráðar saman, í sömu númeraröð og á korti Sigurjóns. Hluti af stíflu 6 er enn varðveitt beggja vegna Hamarslækjar sem er á merkjum við Hamar ÁR-124.
Allar stíflurnar voru í lækjum, flestir ef ekki allir hafa verið grafnir upp síðan og með þeim nánast allar stíflurnar. Þarna er nú framræst mýri, nýtt til beitar.
Stífla 02 var um 270 m VNV við bæ 001 og 150 m vestan við stíflu 03. Hún var í læk á milli tveggja flóða, líklega úr timbri líkt og flestar stíflur Flóaáveitu. Hamarsvegur (308) er á svipuðum stað og stíflan var líklega nærri honum.
Hættumat (viðvarandi): mikil hætta, vegna vegagerðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta
Heimildir: Gaulverjabær – nokkur örnefni og jarðamörk

ÁR-123:025-3 heimild stífla A: 409775 N: 372041
Stífla 03 var um 150 m norðvestan við bæ 001 og 150 m austan við stíflu 02. Engin ummerki hennar eru varðveitt.
Hættumat (viðvarandi): mikil hætta, vegna vegagerðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta

ÁR-124 Hamar

Sögulegt yfirlit:
1708 og 1847, jarðardýrleiki óviss, Gaulverjabæjarkirkjueign. JÁM II, 16, JJ, 59.
Jarðarinnar er getið í máldaga Gaulverjabæjarkirkju frá 1331 (DI II, 671) og í máldaga sömu kirkju frá 1356 (DI III, 114) um 1500 (DI VII, 454-55) og 1611 (AM 66a 8vo bl. 25a-26b). Hamarshjáleiga er hjáleiga frá bænum árið 1708. Örnefnin Gullvöllur og Heljarstaðir eru nefnd í Jarðabókinni sem affallin býli, JÁM II, 15.


Landshættir:
1708: „Fóðrast kann viii kýr, xii ær, xii lömb, iii hestar, ii geldnaut. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga næg. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast vera, brúkast ei. Elt er taði. Skógarítak sem segir á Snóksnesi [ÁR-126] supra. Túninu spillir grjótsuppgángur til stórskaða. Hætt er kvikfje fyrir hraungjám til stórmeina, so og holgryfjulæk, sem hjá bænum fellur.“ JÁM II, 16.
1918: „Hamar (vesturbær). Stærð túnsins: 1.6 ha. þar af sljett ca: 5/6. Stærð matjurtagarða: 1042 [fer] metrar.“ Túnakort 1918. „Stærð túnsins 1,7 ha. þar af sljett ca 5/6. Stærð matjurtagarða: 1536 [fer] metrar.“ Túnakort 1918.

ÁR-124:002 heimild kálgarður A: 410372 N: 371918
Kálgarður er merktur um 10 m sunnan og vestan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Þrjú útihús (027, 025 og 047) eru innan kálgarðsins. Af þeim sést líklega einungis tóft 027 enn. Núverandi íbúðarhús er byggt 1955 austarlega innan kálgarðsins, á sama stað og útihús 025 var áður.
Slétt, gasivaxið tún er nú á þessum slóðum. Bakgarður íbúðarhússins er innan kálgarðsins og ljóst að töluvert rask er hér.
Öll ummerki kálgarðsins eru horfin af yfirborði.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta
Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-124:008 tóft fjárhús A: 410485 N: 371853

Útihús er rúmum 120 m suðaustan við bæ 001 og um 10 m vestan við útihús 007 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Þarna er enn tóft, mun stærri en útihúsið á bæjarteikningunni. Þetta eru fjárhús með hlöðu að baki, líklega gerð um miðja síðustu öld eða svo.

Slétt, ræktað tún sem nýtt er til beitar. Víða má sjá grjót í sverði, líklega tilheyrandi þeim mannvirkjum sem hér voru en hafa verið sléttuð út.



Uppmæling af tóftinni.



Fjárhús ÁR-124:008, horft til norðausturs.

Tóftin er 18x12 m að stærð, snýr VSV-ANA og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er norðausturhluta tóftarinnar og er af niðurgrafinni hlöðu. Hún er 8x5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hún er 0,2 m dýpri en sjálf fjárhúsin og ekkert op sést þar inn. Veggir eru 2 m á hæð og það má sjá allt að níu umför í þeim. Hrun er í norðvesturhorni hlöðunnar. Hólf 2 er VSV og er af fjárhúsum. Það er 8x7,3 m að stærð og opið til vesturs. Tveir hlaðnir garðar liggja eftir hólfinu endilöngu og gefa frekari hólfaskiptingu til kynna. Þeir eru 0,2 á hæð og 8 m að lengd. Veggir eru 0,5-0,6 m á hæð og í þeim má greina þrjú umför.

Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (tímabundið): mikil hætta

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-124:012 *Hamarskot* heimild bæjarstæði A: 410423 N: 371834

Í örnefnalýsingu Hamars segir: „Bryggja [015] var mannvirki suður frá bænum. Hún náði frá tröðum [005] niður á stöðul ... Stöðull hét fyrir sunnan bæinn. Þar byggði Guðni Guðnason um 1890 og nefndi Hamarskot. Kona hans var Þorgerður Þorkelsdóttir frá Hamri. Þau bjuggu þar til 1926.“ Hamarskot er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 um 115 m sunnan við bæ 001. Á bæjarteikningunni sést kálgarður 054 utan um bæinn auk útihúss 057 innan hans. Hamarskot er staðsett tæpum 20 m sunnan við Hamarsveg (308) og rúmum 10 m austan við Hamarsflóð.

Malarvegur og malarplan fyrir rúllur hefur verið gert á svæðinu. Svæðið til suðurs frá planinu er þýft og flatlent en til vesturs er deiglendi enda Hamarsflóð þar rétt vestan við.

Bæjarhúsum Hamarskots hefur verið rutt niður, líklega þegar vegurinn sem og planið var gert. Mikið rask er á svæðinu en þó gætu leynst ágætlega varðveittar minjar undir sverði.

Hættumat (viðvarandi): mikil hætta, vegna ábúðar

Hættumat (tímabundið): hætta

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Ö-Hamar, 1

ÁR-124:015 *Bryggja* heimild leið A: 410419 N: 371874

Í örnefnalýsingu Hamars segir: „Bryggja var mannvirki suður frá bænum. Hún náði frá tröðum [005] niður á stöðul [sjá 012], gerð úr stórgrýti, 200-500 kg. steinum, mjög óslétt og hlykkjótt. Nú sést lítið fyrir henni. Fyllt hefur verið yfir hana og kominn vegur frá bænum niður á aðalveginn, sem liggur nú fyrir sunnan bæinn,“ segir í örnefnaskrá. Bryggja hefur legið á svipuðum stað og heimreið bæjarins liggur nú niður á Hamarsveg (308) en hefur haldið áfram til suðurs að Hamarskoti 012 og tengdi þessa bæi saman.

Svæðið í kringum heimreiðina er nokkuð blautt, sérstaklega vestan við hana en þýfðara og þurrara austan við.

Ekki sjást nein ummerki um Bryggju, enda segir í örnefnaskrá að fyllt hafi verið yfir hana þegar heimreiðin

var lögð. Einhverjar hleðslur gætu verið óhreyfðar undir fyllingunni þar sem ekkert er talað um að þeim hafi verið rutt í burtu.
Hættumat (viðvarandi): mikil hætta, vegna vegagerðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta
Heimildir: Ö-Hamar, 1

ÁR-124:017 *Draugagjár* örnefni draugur A: 410407 N: 371851
Í örnefnalýsingu Hamars segir: „Í vestur frá Hamarskoti [012], stutt frá landi, voru tvö uppsprettuaugu nefnd Álagjár. Þar voru venjulega auðar vakir á vetrum. Aðeins norðar, nær Hamarsbæ, voru önnur tvö, nefnd Draugagjár.“ Elvar Ingi Ágústsson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið en miðað við lýsingu má ætla að Draugagjár hafi verið í Hamarsflóði, líklega á því svæði þar sem Hamarsvegur (308) liggur nú, 100 m sunnan við bæ 001 og 20 m norðvestan við Hamarskot 012.
Svæðið við flóðið er þýft og fremur blautt. Hamarsvegur (308) hefur verið lagður yfir norðurhluta flóðsins. Engin ummerki sjást um þau uppsprettuaugu sem nefnd eru í örnefnaskránni en þau gætu hafa lent undi veginum eða horfið vegna þeirra breytinga sem hafa átt sér stað á svæðinu þegar vegurinn var lagður.
Hættumat (viðvarandi): mikil hætta, vegna vegagerðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta
Heimildir: Ö-Hamar, 1

ÁR-124:021 *Kuðungur* heimild útihús A: 410488 N: 371834
„Kuðungur hét tóft syðst í túninu,“ segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað með vissu hvar tóftin Kuðungur var en líklega þó í túni Austurbæjarins á Hamri. Að öllum líkindum er um útihús sem sýnt er á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 um 130 m SSA við bæ 001 og rúmum 150 m sunnan við útihús 008. Tóftin er horfin.
Áætluð staðsetning tóftarinnar er fast norðan við Hamarsveg (308), þar er vírgirðing og slétt tún.
Engin ummerki tóftarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta
Heimildir: Ö-Hamar, 1; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

ÁR-124:047 heimild hjallur A: 410361 N: 371923
Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 sést útihús um 25 m suðvestan við bæ 001 og 20 m vestan við útihús 016, innan kálgarðs 002. „Hjallker heitir hylur í bæjarlæknum, þar sem hann kemur í Hamarsflóð, sem er sunnan við bæinn. Þurrkhjallur mun hafa staðið á lækjarbakkanum áður fyrr,“ segir í örnefnalýsingu. Um sama stað er að ræða.
Gróið tún, hluti af heimatúni og bakgarði núverandi íbúðarhúss.
Engin ummerki hjallsins eru varðveitt.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): hætta
Heimildir: Ö-Hamar I-II, 1; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

ÁR-124:052 hleðsla kálgarður A: 410418 N: 371305


Hleðsla ÁR-124:052, horft til suðasturs.

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 sést kálgarður suðaustan við bæ 001, utan og vestan við vesturtúnið. Útihús 003 var staðsett innan hans og útihús 014 fast til austurs. Austurveggur kálgarðsins er einnig túngarður vesturtúnsins. Leifar af hleðslu sjást rúmum 20 m vestan við bæ 001 og austan við núverandi heimreið upp að bænum. Hleðslan tilheyrði austur- og suðurhlið kálgarðsins.
Svæðið er nú notað sem beitarhólf fyrir hesta. Það er smáþýft og fremur blautt.
Garðlagið liggur NNA-SSV á 36 m löngum kafla en suðurendi þess beygir svo til vesturs og endar þar sem heimreiðin liggur upp að bænum, alls 8 m. Nyrsti hlutinn

sést sem kantur en annarsstaðar er garðlagið 1-1,5 m á breidd og 0,4-0,7 á hæð, hæst við miðbikið. Garðlagið virðist vera grjóthlaðið að mestu en það er frekar gróið og sést í stöku grjót en ekki nein umför.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): hætta
Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

ÁR-124:054 garðlag kálgarður A: 410412 N: 371830



Garðlag ÁR-124:054, horft til norðurs.

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var kálgarður umhverfis Hamarskot 012. Leifar kálgarðsins sjást ennþá milli Hamarsflóðs að vestan og malarplans til austurs, rúmum 120 m sunnan við bæ 001. Þar sést að kálgarðurinn náði allt að tóft 053 til suðurs og verið stækkaður eftir að bæjarteikningin var gerð.
Malarvegur og -plan er þar sem kálgarðurinn var sýndur 1906. Svæðið er þýft og flatlent vestan við malarplanið en fremur blautt enda Hamarsflóð rétt vestar.
Garðlagið er 30 m að lengd og snýr norður-suður. Það er gróið og virðist torfhlaðið þó svo að stöku grjót sjáist í því. Það er varðveitt í þremur hlutum, er 1 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): hætta
Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

ÁR-124:057 heimild útihús A: 410430 N: 371828
Samkvæmt Elvari Inga Ágústssyni, heimildarmanni, var tóft sunnan við Hamarsveg (308), rúmum 120 m suðaustan við bæ og 20 m austan við Hamarskot 012. Tóftin er sýnd á bæjarteikningu danskra landmælingamanna, innan kálgarðs 054 og tilheyrði að öllum líkindum Hamarskoti 012.
Malarvegur og -plan er þar sem útihúsið er sýnt 1906. Svæðið er þýft og flatlent vestan við malarplanið en fremur blautt enda Hamarsflóð rétt vestar.
Engin ummerki sjást um útihúsið á svæðinu.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): hætta
Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

ÁR-125 Hamarshjáleiga

Sögulegar heimildir
1708: „Hamars Hialeiga, bygð í heimalandi fyrir 50 árum eður meira.“ JÁM II, 16.
1847: Hjáleiga frá Hamri, jarðardýrleiki óviss. JJ, 59.

Landkostir:
1708: „Fóðrast kann iiii kýr, x ær, viii lömb, ii hestar. Kostir og ókostir að sínu leyti á hjáleigunni sem segir um heimajörðina Hamar [ÁR-124], nema ekki spillir túninu grjótuppgángur so mikill sem á heimajarðartúninu.“ JÁM II, 17.
1918: „Stærð túnsins: 1.7 ha. þar af sljett ca. 2/3. Stærð matjurtagarða 1050 [fer] metrar.“ Túnakort 1918.

ÁR-125:006 þúst útihús A: 410998 N: 371548
Útihús var um 100 m austan við bæ 001 og rúmum 80 m sunnan við útihús 005 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið var austast í miðju heimatúninu.



Þúst ÁR-125:006, horft til suðvesturs.

Slétt, grasi vaxið tún sem nýtt er til beitar. Hamarsvegur (308) er skammt norðar.
Þúst ber útihúsinu vitni. Hún er 13x13 m að stærð, grasi vaxin og slétt. Hún er um 0,3-0,5 m á hæð og greinilegt að hér er enn mannvist að finna undir sverði sé horft til umfangs og lögunar.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta
Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-125:007 heimild útihús A: 410902 N: 371636
Útihús var um 50 m norðan við bæ 001 og 100 m NNA við útihús 008 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Fast norðar er uppistandandi fjárhús, veggirnir eru hlaðnir og það er enn í notkun. Braggi var þar fast sunnar og líklega var hann byggður á sama stað og það útihús sem hér er skráð. Öll ummerki eldra húss eru horfin.
Slétt, gróið tún nýtt til beitar er þar sem útihúsið var og Hamarsvegur (308) er 10 m sunnar.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): hætta
Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-125:010-1 *Heljarstaðir* hóll bæjarstæði A: 411315 N: 371387



Bæjarhóll ÁR-125:010_1, horft til vesturs.

„Heliarstader er kallað örnefni í Hamarslandi, sem menn ætla eftir gömlum brjefum að hjer hafi bygð verið, og eru enn til þess ljós merki, tóftir og garðaleifar, en enginn veit, hvað þessi jörð hafi dýr verið, eður hvort bygðin varaði lánga stund eður skamma. Og ómögulegt er hjer aftur að byggja, því tún er komið í mosamó og hrjóstur, og væri það og Hamri til stórskaða, ef bygðist ... Ekki vita menn hvort þessi býli [Gullvöllur 124:031 og Heljarstaðir] hafi hjáleigur verið eður lögbýli„“ segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708. Í örnefnalýsingu Hamarshjáleigu segir ennfremur: „Nokkurn spöl austan við bæinn er stór hóll, sem vegurinn liggur norðan í. Hann heitir Stóru-Kot. Sú sögn er um hólinn, að þar hafi verið býli áður og heitið Heljarstaðir. Þar áttu að hafa verið grafnir peningar í katli og draugur, sem gætir þeirra. Ljós eiga að hafa sézt upp af katlinum.“ Heljarstaðir eru staðsettir alveg fast sunnan við Hamarsveg (308), rúmum 400 m ASA við bæ 001.
Svæðið upp við þjóðveginn er grasi vaxið og smáþýft. Sjálfur hóllinn er þýfður að norðanverðu en frekar sléttari að sunnan. Þjóðvegurinn liggur yfir nyrsta enda hólsins
Hóllinn er stórþýfður, 40x26 m að stærð og snýr austur-vestur. Úr vesturhlið gengur minni hóll, til VSV, og líklegt að þar hafi verið útihús. Vik inn í sunnanverðan hólinn gefur þessa skiptingu til kynna. Nokkrar dældir eru í honum en erfitt að sjá hvort sýnilegar tóftir eru á svæðinu þar sem að hann er grasi vaxinn.
Hættumat (viðvarandi): mikil hætta, vegna vegagerðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta
Heimildir: JÁM II, 15; Ö-Hamarshjáleiga, 1

ÁR-125:010-2 tóft híbýli A: 411335 N: 371384




Tóft ÁR-125:010_2, horft til VSV.

Á norðaustanverðum hól 01 sést óljós tóft sem virðist vera 13x6 m að stærð. Innanmál hennar er frekar skýrt en utanmál óljóst. Tóftin snýr NNV-SSA og er tvískipt. Hólf I er norðar í tóftinni og er 4x3 m að innanmáli. Hólf II er sunnan við hólf I og er 3x2 m að stærð. Hæð veggja er 0,3-0,5 m á hæð. Gerði er á miðjum hólnum, fast vestan við tóftina. Það er 15x14 m að stærð og snýr SSV-NNA. Enginn veggur er til vesturs á yfirborði. Veggir eru 1,5-2 m á breidd, 0,3 m á hæð og stórþýfðir. Ekkert grjót sést í þeim. Að innan er gerðið sléttara en aðrar hliðar hólsins. Veggur, 10x2 m að stærð, virðist ganga til suðausturs frá gerðinu. Ástand hans er eins og tóftarinnar sem er fast norðar.

Hættumat (viðvarandi): mikil hætta, vegna vegagerðar

Hættumat (tímabundið): mikil hætta



Heljarstaðir ÁR-125:010.

ÁR-125:013 heimild álagablettur A: 411342 N: 371392

Í örnefnalýsingu Hamarshjáleigu segir: „Nokkurn spöl austan við bæinn er stór hóll, sem vegurinn liggur norðan í. Hann heitir Stóru-Kot. Sú sögn er um hólinn, að þar hafi verið býli áður og heitið Heljarstaðir [010]. Þar áttu að hafa verið grafnir peningar í katli og draugur, sem gætir þeirra. Ljós eiga að hafa sézt upp af katlinum.“ Hilmar Árnason, heimildamaður sagði einnig frá því að álagablettur væri á Heljarstöðum. Hann kannaðist við sögu af tveimur mönnum sem tóku grjót úr hólnum eða rétt við hann og var annar þeirra rúmfastur í mörg ár á eftir. Nýverið ýtti ýtumaður nokkur aðeins í Heljarstaðahólinn og dó skömmu síðar. Hilmar hefur reynt að leyfa hólnum að standa óhreyfðum og hefur ekki hróflað við honum að óþörfu. Heljarstaðir eru staðsettir alveg fast sunnan við Hamarsveg (308), rúmum 400 m ASA við bæ 001.

Svæðið upp við þjóðveginn er grasi vaxið og smáþýft. Sjálfur hóllinn er þýfður að norðanverðu en frekar sléttari að sunnan. Þjóðvegurinn liggur yfir nyrsta enda hólsins.
Hróflað hefur verið eilítið við hólnum þegar vegurinn var lagður yfir nyrsta hluta hans. Girðing liggur rétt sunnan hans sem beygir niður fyrir hann til þess að fara ekki yfir hann miðjan.
Hættumat (viðvarandi): mikil hætta, vegna vegagerðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta
Heimildir: Ö-Hamarshjáleiga, 1.

ÁR-125:015 garðlag túngarður A: 411003 N: 371589



Garðlag ÁR-125:015, horft til suðausturs.

Túngarður er rúmum 120 m norðvestan við bæ 001 og um 40 m vestan við útihús 005. Túnið er ekki girt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og samræmist lega túngarðsins ekki túninu eins og það var teiknað þá. Svo virðist sem það hafa verið fært út til norðvesturs eftir að kortið var gert. Ekki er ljóst hvað afmarkaði túnið til annarra átta og engin augljós náttúruleg afmörkun sést ef frá er talið áveituskurður til austurs. Á loftmynd tekinni árið 1946 virðist þó vera túngarður umhverfis allt heimatúnið og tóftir 004 og 018 innan hans.
Túngarðurinn sést norðan við Hamarsveg (308) en er horfinn til annarra átta. Fyrir sunnan bæinn eru grasi vaxin tún en gróinn rimi til norðurs.
Túngarðurinn sést afmarka svæði sem er 160x70 m að stærð og snýr austur-vestur. Í heildina var hægt að rekja hann á um 200 m löngum kafla. Uppistandandi fjárhús er fyrir miðju garðsins og er hann rofinn á þeim stað. Hann er grjót- og torfhlaðinn, 0,5-1 m á hæð og 0,6-0,8 m á breidd. Víða á túngarðinum eru rofsár vegna beitar og í þeim glittir í stæðileg grjót í hleðslum, þó er ekki hægt að telja umför. Garðlagið austan við fjárhúsið liggur austur-vestur á um 60 m löngum kafla uns það sveigir til suðausturs og heldur þeirri stefnu í 50 m. Garðlagið vestan við fjárhúsið er 40 m langt og liggur nálega austur-vestur þar til það sveigir til suðurs. Á þeim kafla er það 20 m á lengd og liggur norður-suður. Báðir suðurendar garðsins enda rétt norðan við Hamarsveg (308).
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta

ÁR-126 Snóksnes (Skógsnes)

Sögulegar heimildir:
1708 og 1847: Jarðardýrleiki óviss, Gaulverjabæjarkirkjueign. JÁM II, 15; JJ, 59
Jarðarinnar er getið í máldaga Gaulverjabæjarkirkju frá 1397 (DI IV, 57) og í máldaga sömu kirkju frá um 1500 (DI VII, 454-55) og 1611 (AM 66a 8vo bl. 25a-26b.).
„Litlakot heitir hjer eitt landspláts í heimalandi og meina menn hjer hafi áður bygð verið.“ JÁM II, 15.

Landkostir:
1798: „Fóðrast kann á allri jörðinni viii kýr, xxiiii ær, xvi lömb, iiii hestar. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður til eldiviðar hefur verið, brúkast ei, en meinast vera. Elt er taði. Skógarhögg til kolgjöðrðar á jörðin frí í Flóamanna afrjett ... Engjar eru mjög votunnar og verður oft að meini, so áúendur fá ei unnið, og verða þá í hagbeitarmýrum heyja að afla. Hætt er kvikfje sumar og vetur fyrir hraungjám til stórskaða.“ JÁM II, 15.
1918: „Stærð túnsins: 2.3 ha. þar af sljett c.a 6/7. Stærð matjurtagarða 1350 [fer] metrar.“ Túnakort 1918.

ÁR-126:001 *Snóksnes* bæjarhóll bústaður A: 412228 N: 370837

Bærinn er merktur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakorti frá 1918. Þar er hann staðsettur nokkuð miðsvæðis í túninu, vestan við núverandi íbúðarhús og sunnan við hálfhrunda hlöðu (sem fauk árið 2017). Bæði húsin eru líklega í jaðri gamla bæjarhólsins og gætu hafa eyðilagt hluta hans. Heimreiðin liggur nú yfir bæjarhólinn miðjan og út á tún norðan við hann. Íbúðarhúsið er byggt árið 1960-1965 og er steinsteypt með niðurgröfnum kjallara. Engar sagnir hafa varðveist sem geta þess að mannvist hafi fundist við byggingu þess.



Bæjarhóll ÁR-126:001, horft til norðausturs.

Þar sem bærinn stóð áður er nú annarsvegar malarheimreið og aflíðandi grasbali sem hallar til vesturs.
Vesturhluti bæjarhólsins sést ágætlega ennþá og er sá hluti 24x13 m og snýr norður-suður. Austasti hluti bæjarhólsins liggur undir núverandi íbúðarhúsi. Engar minjar sjást á bæjarhólnum í dag en við vesturenda hans stóð torfhlaðið fjós til ársins 2000. Þá var það orðið hrörlegt og hrundi að lokum. Leifar hrunda fjóssins sjást í dag illa en vesturhlið bæjarhólsins er mjög gróin.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta
Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918

ÁR-126:003 heimild kálgarður A: 412201 N: 370825

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var kálgarður fast suðvestan við bæ 001. Kálgarðurinn var á svipuðum stað og heimreiðin að bænum tekur sveig til norðausturs.
Þar sem kálgarðurinn var er nú malarvegur og grasi vaxið svæði til austurs og suðurs.
Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn á yfirborði.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta
Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-126:004 heimild útihús A: 412223 N: 370818

Útihús var um 20 m sunnan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, á milli kálgarða 002 og 003.
Þar sem útihúsið stóð er nú húsgarður sunnan við íbúðarhúsið, grasi vaxnar flatir og birkitré.
Á sama stað og útihúsið var sést frekar nýleg hleðsla sem liggur norður-suður á um 5 m löngum kafla. Hleðslan er grjóthlaðin og sjást 2-3 umför af grjóti. Hún er 0,5 m á hæð og grjótið er mjög mosavaxið og alveg gróið yfir vesturhlið hennar. Stórt tré hefur verið plantað vestan við hleðsluna. Grjótið er fremur laust í sér þrátt fyrir að vera mosavaxið og óvíst hvort um er að ræða upprunalega hleðslu í útihúsinu eða hvort grjótið úr því hafi verið notað til þess að fegra garðinni fljótlega eftir að nýja íbúðarhúsið var byggt 1960.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): hætta
Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-126:007 heimild traðir A: 412196 N: 370894

Traðir liggja að bæ 001 úr norðvestri á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakorti frá 1918. Traðirnar sjást ekki lengur en voru á svipuðum stað og heimreiðin liggur nú, kannski örlítið norðan við þær. Gamla torfhlaðna fjósið á bæjarhólnum sem hrundi árið 2000, stóð rétt norðan við traðirnar.
Þar sem traðirnar lágu liggur nú malarvegur að bænum og grasi vaxin svæði beggja vegna hans.
Ekki sjást nein ummerki um traðirnar á svæðinu. Ekki er vitað hvort um upphlaðnar traðir var að ræða.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna vegagerðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-126:008 heimild leið A: 412260 N: 370855
Leið liggur að bæ 001 úr norðri á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, meðfram austurenda bæjarhólsins. Hún hefur legið 10 m austan við slóðann sem liggur nú út á túnið norðan við bæinn, austan við hlöðuna sem fauk að hluta til árið 2017.
Brekkan þar sem leiðin lá er grasi vaxin og hallar niður til norðurs, frá bæjarhólnum.
Engin ummerki sjást um leiðina lengur. Líklega hefur þetta aðeins verið einfaldur gönguslóði.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): hætta
Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-126:013 heimild brunnur A: 412263 N: 370866
Brunnur var 50 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 80 m sunnan við þúst 024 að sögn Þórdísar Kristjánsdóttur, heimildamanns. Brunnurinn var nýttur sem kælir m.a. fyrir mjólkurbrúsa í hennar minni en ekki til neyslu. Appelsínugul bauja er nú yfir opinu.
Búið að fylla upp í brunninn sem er í jaðri flóðs. Mýrlent svæði er á þessum slóðum.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): hætta

ÁR-611 Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Villingaholtshreppi

Fornleifar sem ná yfir meira en eina jörð.

ÁR-611:029 heimild leið A: 413930 N: 375773
Á herforingjaráðskorti 48 NV sést leið liggja til suðurs frá Gamla-Villingaholti ÁR-018:001, að Efri- og Syðri-Gróf ÁR-016 og ÁR-017 og til austurs á milli Forsætis ÁR-008 og Mjósunds ÁR-007. Þaðan lá leiðin til suðausturs að Ferjunesi ÁR-009, Efri og Neðri Sýrlæk ÁR-010-011 og yfir í Gaulverjabæjarhrepp. Í örnefnaskránni Umferðarleiðir um Villingaholtshrepp segir: „Leiðin, sem farin var frá Ferjunesi [ÁR-009:010/011], þegar ferjað var þar, mun oftar hafa legið út með sjó, annaðhvort með ánni eða út yfir mýrar nálægt Hamri og Gaulverjabæ [sjá 009] að Stokkseyri o.s.frv.“ Hér er um sömu leið að ræða.
Göturnar eru horfnar af yfirborði. Þarna er sandur og ræktuð tún að mestu. Þær sáust á Þjórsárbökkum í landi Forsætis að sögn Ólafs Sigurjónssonar, heimildamanns. Nákvæm lega þeirra er ekki þekkt utan þess sem sýnt er á kortinu.
Hættumat (viðvarandi): engin hætta
Hættumat (tímabundið): mikil hætta
Heimildir: Ö-Umferðarleiðir í Villingaholtshreppi, 1; Herforingjaráðskort 48 NV 1908 1:50000

ÁR-631 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Gaulverjabæjarhreppi

Fornleifar sem ná yfir meira en eina jörð.

ÁR-631:004 heimild leið A: 407604 N: 371520
Á herforingjaráðskorti 38 NA og 48 NV frá 1908 sést leið liggja til austurs frá Gaulverjabæjartorfu ÁR-096 að Hamri ÁR-124. Leiðin lá norðan við heimatún Gerða ÁR-101 og Syðri-Vallar ÁR-122 en í gegnum mitt heimatún Galtarstaða ÁR-123 og Hamars ÁR-124.
Þar sem leiðin lá eru slétt tún, framræstar mýrar og mói. Engin ummerki um reiðgötur sjást lengur en brú ÁR-123:014 var hlaðin á þessari leið vestan við Hamarslæk.
Engin ummerki þessarar leiðar eru varðveitt.
Hættumat (viðvarandi): engin hætta
Hættumat (tímabundið): mikil hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 38 NA 1908 1:50000

ÁR-631:005 heimild leið A: 407067 N: 371715
Á herforingjaráðskorti 38 NA frá 1908 sést óljós leið liggja til norðurs frá leið 004 að Ásavegi 006. Leiðin lá til norðurs, fast norðaustan við heimatún Gaulverjabæjarhverfis ÁR-096, og endaði skammt austan við heimatún Efri-Gegnishóla ÁR-106. Leiðin var skoðuð í úthögum Hólshúsa ÁR-103 sem og nærri Gaulverjabæ en ekki rakin að öðru leyti.
Slétt, ræktuð tún eru þar sem leiðin lá í landi Gaulverjabæjar. Í landi Hólshúsa er framræst mýri og mói á hluta.
Leiðin er horfin að stórum ef ekki öllum hluta. Grasi vaxin tún eru að mestu á sama stað. Í landi Gaulverjabæjar var upphlaðinn vegur/brú ÁR-096:027 yfir mýrardrag og notuð á þessari leið. Grunnur brúarinnar er án efa lega gömlu reiðgatnanna. Leiðin fór á milli heimatúna Hólshúsa og Gegnishólaparts ÁR-105 og sameinaðist leið 006 ofan við heimatúnin.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta
Heimildir: Herforingjaráðskort 38 NA 1908 1:50000

ÁR-631:009 heimild leið A: 407783 N: 371700
Á herforingjaráðskorti 38 NA frá 1908 sést leið liggja til NNA frá leið 004, norðan við heimatún Gerða ÁR-101. Leiðin lá áfram að Vallarhjáleigu ÁR-121 og endaði við Vorsabæ ÁR-117. Leiðin var skoðuð í landi Gerða en ekki rakin að öðru leyti.
Þar sem leið lá eru gróin tún, framræstar mýrar og þýfðir rimar.
Engin ummerki leiðarinnar eru varðveitt.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta
Heimildir: Herforingjaráðskort 38 NA 1908 1:50000

ÁR-631:010 gata leið A: 410081 N: 372013
Á herforingjaráðskorti 38 NA frá 1908 sést leið liggja milli bæjanna Galtarstaða ÁR-123 í suðri að Vorsabæjarhjáleigu ÁR-119 til norðurs. „Moldargata liggur upp Heiði í stefnu frá Galtastöðum að Saurbæ [ÁR-114]. Nú (1954) er allur syðsti hluti hennar horfinn í tún. Þessi gata, sem er gamall ferðamannavegur, hefir lengi verið kennd við Höskuld bruggara í Saurbæ og heitir Höskuldarbraut," segir í örnefnalýsingu Galtarstaða. Leiðin var skoðuð í landi Galtarstaða þar sem hún sést enn að hluta. Leiðin liggur til norðausturs, frá fyrrnefndu túni, um 600 m norðaustan við bæ.
Gróinn mói. Víða eru dælur og þýfðir rimar.
Höskuldarbraut er upphlaðin að hluta sem og búið að ryðja hluta. Leiðin er 3-4 m á breidd, 0,2 m á hæð, þýfð og gróin. Til vesturs frá ruddu leiðinni er lág eða renna, mögulega var líka farið þar. Leiðin sést á um 180 m kafla en fjarar út í móa norðan við Litlalæk.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta
Heimildir: Herforingjaráðskort 38 NA 1908 1:50000; Ö-Galtastaðir, 2.

ÁR-631:011 heimild leið A: 411260 N: 371442
Á herforingjaráðskortum 38 NA og 48 NV frá 1908 sést leið liggja milli bæjanna Skógsness ÁR-126 og Hamars ÁR-124. Hún lá skammt norðan við heimatún Hamarshjáleigu og má enn sjá ummerki um vegbætur þar en ekki er ljóst hversu gamlar þær eru.
Leiðin lá beggja vegna við Hamarsveg (308) en hann er á líkum slóðum. Þar er framræst mýrlendi nýtt til beitar að mestu.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat (viðvarandi): hætta, vegna ábúðar
Hættumat (tímabundið): mikil hætta
Heimildir: Herforingjaráðskort 1908, 38 NA og 48 NV

5. Niðurstöður og umræða


Í þessum kafla er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan tveggja áhrifasvæða fyrirhugaðs jarðstrengs í Flóahreppi. Samanlagt eru svæðin um 9 km að lengd, 30 m að breidd og liggja í gegnum land átta lögbýla sem áður voru í Gaulverjabæjar- og Villingaholtshreppum en tilheyra nú Flóahreppi. Að auki voru skráðar fornleifar sem ná yfir meira en eina jörð í báðum hreppum, í öllum tilvikum voru það þjóðleiðir. Á þeim svæðum þar sem ljóst þótti á vettvangi að fyrirhugaður jarðstrengur myndi raska fornleifum var nærliggjandi umhverfi athugað í þeim tilgangi að geta lagt fram tillögur að mögulegri tilfærslu á strengleið. Við úttektina voru einungis skráðar fornleifar sem féllu innan áhrifasvæðis auk þeirra minja sem voru skammt utan við úttektarmörk (í þeim tilfellum sem helgunarsvæði þeirra var innan áhrifasvæðis jarðstrengsins). Línulegar fornleifar s.s. garðlög og leiðir voru því eingöngu raktar að hluta, innan áhrifasvæðis. Alls voru skráðar 42 fornleifar á 37 minjastöðum innan eða við jaðar áhrifasvæðanna.

Jörð	**Minjafjöldi**	**Svæði**
ÁR-018 Villingaholt	7	1
ÁR-096 Gaulverjabær	2	2
ÁR-122 Syðrivöllur	2	2
ÁR-123 Galtarstaðir	3	2
ÁR-124 Hamar	10	2
ÁR-125 Hamarshjáleiga	6	2
ÁR-126 Skógsnes	6	2
ÁR-611 Villingaholshreppur	1	1
ÁR-631 Gaulverjabæjarhreppur	5	2

Tafla 1: Fjöldi skráðra minja innan hvers lögbýlis. Flestar eru þær í Hamri, Hamarshjáleigu og Skógsnesi enda fer strengurinn í gegnum heimatúnin þar.

Úttektarsvæðin eru bæði innan heimatúna og í úthögum jarðanna, nær alfarið meðfram þjóðvegum sem nú eru í notkun en að auki innan gróinna túna og óraskaðra svæða. Þegar er búið að leggja ljósleiðara á svipuðum stað en engin fornleifaskráning var gerð við þá framkvæmd. Landslag innan svæðisins er fremur flatt og mýrlent en innan þess mynda lág holt nokkurs konar eyjar í landinu og eru margir bæjanna á þeim. Mýrarnar eru nú framræstar og mikið um slétt tún og þýfða, gróna rima.

Flestar fornleifarnar sem skráðar voru eru innan heimatúna, strengurinn mun liggja í gegnum þrjú slík tún. Fornleifarnar eru af fjölbreyttum toga en þeim má skipta í nokkra flokka til að draga fram helstu einkenni þeirra. Um ákveðinn hluta minjanna (7%) gildir að ekki er vitað með vissu um hvaða hlutverki þær gegndu. Stærsti hluti skráðra minja, um 33%, féllu í flokkinn *minjar í heimatúnum*. Í þennan flokk falla m.a. útihús, kálgarðar, túngarðar og brunnar. Rúmur fjórðungur



Á stöplaritinu sjást fjöldi og þekkt hlutverk þeirra fornleifa sem skráðar voru. Flestar tengjast þær samgögnum og landbúnaði.

(eða 26%) skráðra fornleifa, eru *samgönguminjar,* en í þann flokk falla m.a. leiðir og vöð. Þar á eftir koma *minjar í úthögum* en 19% skráðra minjastaða féllu í flokkinn sem er nokkuð fjölbreyttur og inniheldur m.a. beitarhús, réttir, stíflur og mógrafir. Híbýli manna eru flokkuð í sérstakan flokk, *Bústaðir og býli* (7%) enda mikilvægar minjar sem gagnlegt er að veita sérstaka athygli.

Í um 55% tilfella reyndust öll yfirborðsummerki fornleifanna horfin, oftast vegna sléttunar, vegagerðar eða framkvæmda við bæina sjálfa. Varðveisla fornleifanna innan áhrifasvæðanna er því fremur slæm. Ekki var sjáanlegur munur á varðveislu fornleifa innan áhrifasvæðanna tveggja.

Viðvarandi hættumat

Í takt við fyrirmæli Minjastofnunar Íslands var á vettvangi bæði metin sú hætta sem að minjum stafaði vegna framkvæmda (tímabundin hætta) og sú hætta sem að minjunum stafaði almennt, ef ekki kæmi til framkvæmda (viðvarandi hætta). Svæðið var aðalskráð árin 2016-2018 og var þá metin viðvarandi hætta sem er óbreytt, sjá kafla 4.

Um 71% fornleifanna töldust í viðvarandi hættu, oftast vegna ábúðar eða vegagerðar. Þær eru flestar innan heimatúna þeirra jarða sem skráðar voru. Tæp 30% fornleifanna voru ekki taldar í viðvarandi hættu. Flestar þeirra eru í úthögum og fjarri svæðum þar jarðrask er yfirvofandi.

Tímabundin hætta

Við mat á hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda (tímabundið hættumat) var gengið út frá því að ef

Númer	minj_id	Nafn	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Tímab. hætta
ÁR-018:052			heimild	leið	ekki sést til	engin hætta	mikil hætta
ÁR-018:053			náma	mógrafir	sést til	engin hætta	mikil hætta
ÁR-018:054			þúst	óþekkt	sést til	hætta	mikil hætta
ÁR-018:055			þúst	óþekkt	sést til	engin hætta	hætta
ÁR-018:056:01			tóft	beitarhús	hleðslur signar	engin hætta	hætta
ÁR-018:056:02			tóft	beitarhús	hleðslur signar	engin hætta	mikil hætta
ÁR-018:056:03			tóft	beitarhús	hleðslur signar	engin hætta	mikil hætta
ÁR-096:016			heimild	túngarður	ekki sést til	hætta	hætta
ÁR-096:030		Skilarétt hreppsins	tóft	rétt	hleðslur standa grónar	hætta	hætta
ÁR-122:019:01		Vallarétt	hleðsla	rétt	sést til	mikil hætta	mikil hætta
ÁR-122:019:02			þúst	óþekkt	hleðslur signar	mikil hætta	mikil hætta
ÁR-123:010		Langavað	heimild	vað	horfin	mikil hætta	mikil hætta
ÁR-123:025:02			heimild	stífla	ekki sést til	mikil hætta	mikil hætta
ÁR-123:025:03			heimild	stífla	ekki sést til	mikil hætta	mikil hætta
ÁR-124:002			heimild	kálgarður	ekki sést til	hætta	mikil hætta
ÁR-124:008			tóft	fjárhús	hleðslur standa grónar	hætta	mikil hætta
ÁR-124:012		Hamarskot	heimild	bæjarstæði	ekki sést til	mikil hætta	hætta
ÁR-124:015		Bryggja	heimild	leið	ekki sést til	mikil hætta	mikil hætta
ÁR-124:017		Draugagjár	örnefni	draugur	ekki sést til	mikil hætta	mikil hætta
ÁR-124:021		Kuðungur	heimild	útihús	ekki sést til	hætta	mikil hætta
ÁR-124:047			heimild	hjallur	ekki sést til	hætta	hætta
ÁR-124:052			hleðsla	kálgarður	hleðslur signar	hætta	hætta
ÁR-124:054			garðlag	kálgarður	ekki sést til	hætta	hætta
ÁR-124:057			heimild	útihús	ekki sést til	hætta	hætta
ÁR-125:006			þúst	útihús	sést til	hætta	mikil hætta
ÁR-125:007			heimild	útihús	ekki sést til	hætta	hætta
ÁR-125:010:01		Heljarstaðir	hóll	bæjarstæði	sést til	mikil hætta	mikil hætta
ÁR-125:010:02			tóft	híbýli	hleðslur signar	mikil hætta	mikil hætta
ÁR-125:013			heimild	álagablettur	sést til	mikil hætta	mikil hætta
ÁR-125:015			garðlag	túngarður	hleðslur signar	hætta	hætta
ÁR-126:001		Snóksnes	bæjarhóll	bústaður	hleðslur útflat-tar	hætta	mikil hætta
ÁR-126:003			heimild	kálgarður	ekki sést til	hætta	mikil hætta
ÁR-126:004			heimild	útihús	ekki sést til	hætta	hætta
ÁR-126:007			heimild	traðir	ekki sést til	hætta	mikil hætta
ÁR-126:008			heimild	leið	ekki sést til	hætta	hætta
ÁR-126:013			heimild	brunnur	ekki sést til	hætta	hætta
ÁR-611:029			heimild	leið	ekki sést til	engin hætta	mikil hætta
ÁR-631:004			heimild	leið	ekki sést til	engin hætta	mikil hætta
ÁR-631:005			heimild	leið	ekki sést til	engin hætta	mikil hætta
ÁR-631:009			heimild	leið	ekki sést til	engin hætta	mikil hætta
ÁR-631:010			gata	leið	sést til	engin hætta	mikil hætta
ÁR-631:011			heimild	leið	ekki sést til	engin hætta	mikil hætta

Tafla 2: Allar skráðar fornleifar innan beggja svæðanna.

minjastaður væri innan áhrifasvæðis teldist hann í mikilli hættu, nema allar líkur væru taldar á að allar leifar hans væru horfnar. Ástæða þessa er sú annars vegar að helgunarsvæði minja er 15 m út frá ystu mörkum þeirra og hins vegar sú staðreynd að jafnvel þótt öll yfirborðsummerki minjastaðar séu horfin geta mannvistarleifar leynst undir sverði. Í tilviki friðlýstra minja er helgunarsvæði fornleifa 100 m en engin friðlýst fornleif var innan úttektarsvæðis.

Við gerð hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana. Í meirihluta tilfella var hættan hvorki talin óhjákvæmileg né óyfirstíganleg en hættumatinu er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastöðum. Í flestum tilfellum er hins vegar mögulegt að komast hjá raski með tilfærslu á jarðstreng innan áhrifasvæðisins.

Af þeim minjum sem skráðar voru reyndust 28 fornleifar á 23 minjastöðum innan áhrifasvæðis og voru þær allar metnar í mikilli hættu vegna framkvæmdanna. Að auki eru 14 fornleifar skammt utan áhrifasvæðis en þar sem áhrifasvæði nær inn fyrir helgunarsvæði þeirra voru þær því skráðar og metnar í hættu.

Hér á eftir verður fjallað um þær fornleifar sem fyrirhugaðar framkvæmdir við jarðstreng ógna, tillögur að hliðrun og þær mótvægisaðgerðir sem lagðar eru til af sérfræðingum Fornleifastofnunar. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að úrskurða um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar í stórhættu megi víkja og hvort og þá hvaða mótvægisaðgerða er þörf.

Svæði 1: Við Villingaholt

Fyrirhuguð strenglögn mun liggja til suðurs frá Villingaholti, meðfram Villingaholtsvegi (305) og Hamarsvegi (308). Fyrirhugað er að leggja strenginn austan við Villingaholtsveg, þar sem nú er



Mynd 4. Horft til suðurs yfir svæði 1.

reiðstígur og búið að leggja ljósleiðara. Við Hamarsveg er ljósleiðarinn sunnan við veginn en liggur svo norðan hans við nýbýlið Grund. Svæðið blés upp fyrr á öldum en hefur síðan gróið upp aftur. Alls er svæðið um 2,8 km að lengd og innan þess eða nærri mörkum þess voru skráðar átta fornleifar, allar nema ein innan jarðarinnar Villingaholts. Að auki var skráð þjóðleið sem lá innan hreppsins og var skráð sem „fornleifar á fleiri en einni jörðu“.




Mynd 5: Fyrirhugaður jarðstrengur fer skammt vestan við þúst ÁR-018:054 en hægt er að komast hjá raski með aðgát á framkvæmdatíma.

Þúst ÁR-018:054 er um 80 m austan við eldra bæjarstæði Villingaholts. Hún er um 7 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs (sjá mynd 5) en er þegar röskuð að því virðist, m.a. vegna lagningar ljósleiðara og reiðstígar. Auðvelt er að komast hjá raski á þústinni verði strengurinn lagður við ljósleiðarann.

Austan við Grund eru fimm fornleifar. **Mógrafir ÁR-018:053** eru syðstar, núverandi raflína endar við norðausturhorn þeirra. Lítill hluti mógrafasvæðisins er vestan við miðlínu jarðstrengsins. Skammt norðar er **þúst ÁR-018:055**, um 5 m vestan við áhrifasvæðið. Ólíklegt er að þessar minjar verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar strenglagnar. **Beitarhús ÁR-018:056** eru sunnan við djúpan skurð, skammt norðar. Á þessum stað eru þrjár tóftir, **tóft 01** er rúmum 20 m utan við áhrifasvæðið og ætti ekki að verða fyrir raski vegna framkvæmdanna. **Tóft 02** er 5 m austan við miðlínu strengsins og fyrirhugað er að plægja hann beint í gegnum **tóft 03**. Verði strengnum hnikað um 7-9 m til vesturs vær hægt að komast hjá raski á þessum tóftum.

Tvær **leiðir, ÁR-018:052 og**



Mynd 6: Fyrirhugað er að jarðstrengurinn fari yfir tóftir ÁR-018:056_2 og 3. Með tilfærslu til vesturs er hægt að komast hjá raski.

ÁR-611:029, lágu til suðurs frá Villingaholti og þvera úttekarsvæðið. Báðar eru þær horfar af yfirborði, þetta svæði blés upp og hefur síðan gróið upp aftur. Ólíklegt er að nokkurra mótvægisaðgerða utan þessarar skráningar verði krafist vegna þeirra.

Svæði 2: Gaulverjabær að Skógsnesi

Fyrirhuguð strenglögn mun liggja meðfram Hamarsvegi (308), til austurs frá Gaulverjabæ og enda við bæinn Skógsnes. Flóahreppur fyrirhugar að leggja vatnslögn samhliða jarðstrengnum innan þessa svæðis. Þegar er búið að leggja ljósleiðara við Hamarsveg á svipuðum slóðum. Alls er svæðið um 6 km að lengd og innan þess eða skammt utan við úttektarmörkin voru skráðar 34 fornleifar. Á þessum slóðum eru að mestu grasi vaxin tún og framræstar mýrar en fyrirhugað er að strengurinn liggi í gegnum heimatún þriggja jarða.



Mynd 7. Horft til austurs innan svæðis 2.

Tvær fornleifar voru skráðar nærri áhrifasvæðinu í landi Gaulverjabæjar. **Rétt ÁR-096:030** er 10 m norðan við úttektarsvæðið og **túngarður ÁR-096:016** 10 m sunnan þess. Hvorugur staðurinn ætti að verða fyrir raski vegna fyrirhugaðar strenglangar. **Vallarétt ÁR-122:019_01** og **þúst ÁR-122:019_02** eru í landi Syðri Vallar, nánast í miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs. Rétt 01 náði áður lengra til suðurs en þeim hluta var rutt úr fyrir löngu en á loftmynd tekinni 1946 sést hún þó enn. Norðurveggur réttarinnar er enn varðveittur. Til að komast hjá raski á Vallarétt 01 mætti færa strenginn um 20 metra til suðurs (sjá mynd 8). Á merkjum Galtarstaða og Syðri Vallar var **Langavað ÁR-123:010** og skammt austar voru tvær **stíflur ÁR-123:025_02 og 03** Flóaáveitunnar í landi Galtarstaða. Þessar þrjár fornleifar eru löngu horfnar, líklega vegna vegagerðar, og er ólíklegt




Mynd 8: Fyrirhugaður jarðstrengur fer fast sunnan við rétt 019_1. Þetta er norðurveggur réttarinnar en hún náði áður lenga til suðurs. Með tilfærslu á jarðstreng til suðurs má komast hjá raski.


að nokkurra mótvægisaðgerða verði krafist utan þeirrar skráningar sem nú hefur verið unnin.

Alls voru skráðar 10 fornleifar í landi Hamars en fyrirhugað er að plægja strenginn í gegnum suðurhluta heimatúnsins líkt og það var afmarkað árið 1906, norðan við Hamarsveg. Alls eru fjórar fornleifar 4-15 m sunnan við áhrifasvæðið. Þetta eru **Hamarskot ÁR-124:012**, **kálgarður ÁR-124:054**, **útihús ÁR-124:057** og **Draugagjá ÁR-124:017**. Allar þessar fornleifar eru sunnan við Hamarsveg og verða því ekki fyrir raski við áætlaða strenglögn. Sex fornleifar eru hins vegar norðan við Hamarsveg. H**jallur ÁR-124:047** og **kálgarður ÁR-124:052** eru 5-8 m norðan við áhrifasvæðið og verða ekki fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar. **Kálgarður ÁR-124:002** er um 13 m norðan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs og er því afar ólíklegt að hann sé í hættu vegna framkvæmdanna eða nokkurra mótvægisaðgerða verði krafist vegna hans. **Bryggja ÁR-124:015** var á sama stað og núverandi malarvegur að bænum og mun strengurinn verða plægður þar í gegn. **Kuðungur ÁR-124:021** var útihús innan heimatúnsins sem engin yfirborðsummerki sjást nú um en áætlað er að strengurinn fari beint yfir hússtæðið. Í báðum tilfellum gildir því að engin yfirborðsummerki sjást um minjarnar en það er hlutverk Minjastofnunar að úrskurða um hvort mótvægisaðgerða sé þörf. **Útihús ÁR-124:008** er 10 m norðan við miðlínu jarðstrengsins en ólíklegt að því verði raskað, veggir þess standa enn vel.

Í Hamarskoti er fyrirhugað að plægja strenginn þvert í gegnum heimatúnið. **Útihús ÁR-125:007** og **túngarður ÁR-125:015** eru um 10 m norðan við mörk úttektarsvæðis og ættu því ekki að verða fyrir raski. Áætluð strenglögn er fast norðan við **útihús ÁR-125:006** sem eru fast sunnan




Mynd 9: Fyrirhugaður jarðstrengur fer þvert í gegnum suðurhluta heimatúnsins á Hamri, m.a. í gegnum áætlaða staðsetningu útihúss ÁR-124:021. Hér er bæjarteikning danskra landmælingamanna frá 1906, upprétt ofan á loftmynd.



Mynd 10: Fyrirhugaður jarðstrengur fer þvert í gegnum heimatún Hamarskots. Með því að færa strenginn örlítið til norðurs er hægt að komast hjá raski á tóft ÁR-125: 006.

við Hamarsveg. Þúst ber útihúsinu vitni og greinilegt að því var rutt út. Æskilegt væri að hnika strengum 2-4 m til norðurs. Það er hlutverk Minjastofnunar að úrskurða um hvort mótvægisaðgerða sé þörf í þessu tilviki.

Um 400 m austan við heimatúnið eru **Heljarstaðir ÁR-125:010** en þar er stór **bæjarhóll 01** og óljósar **tóftir 02** fast sunnan við Hamarsveg. Að auki tengjast sagnir um **peninga og þjóðtrú ÁR-125:013** þessum stað. Fyrirhugað er að plægja strenginn nyrst í gegnum hólinn en ákjósanlegt væri að fara sunnan hans, þar sem ljósleiðarinn var lagður til að komast hjá nýju jarðraski. Tillaga fornleifafræðings að tilfærslu strengsins vegna þessa er sýnd á mynd 11 en Minjastofnun mun úrskurða um mótvægisaðgerðir.



Mynd 11: Heljarstaðir ÁR-125:010 og sagnir tengdar þjóðtrú ÁR-125:013 er fast sunnan við jarðstrenginn. Æskilegt væri að færa strenginn til suðurs og leggja hann nærri ljóðleiðara sem þar er fyrir til að komast hjá frekara raski á þessum forna bæ.

Strengurinn mun liggja í gegnum heimatúnið í Skógsnesi. **Bæjarhóll ÁR-126:001** er uppi á holti en strengurinn mun liggja neðan þess. Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 voru einhver bæjarhússanna nærri miðlínu strengsins en engin ummerki sjást um þau á yfirborði lengur. **Traðir ÁR-126:007** voru fast norðaustan við miðlínu strengsins en ekki sjást heldur yfirborðsummerki um þær. **Kálgarður ÁR-126:003** var 4 m sunnan miðlínu strengsins en yfirborðsummerki um hann eru líka horfin. Minjastofnun mun úrskurða hvort einhverra mótvægisaðgerða sé þörf vegna þessara þriggja staða og hvort einhverrar tilfærslu sé þörf.

Leið ÁR-126:008, **brunnur ÁR-126:013** og **útihús ÁR-126:004** eru öll utan áhrifasvæðis og

ættu því ekki að verða fyrir raski við framkvæmdirnar.

Fimm **leiðir, ÁR-631:004, 005, 009, 010 og 011** lágu innan áhrifasvæðisins og þvera það. Allar eru þær horfnar af yfirborði og ólíklegt er að nokkurra mótvægisaðgerða verði krafist, utan þeirrar skráningar sem hér með er lokið.



Mynd 12: Strengurinn mun fara í gegnum norðvesturhluta heimatúnsins. Allar minjar þar, utan bæjarhóls 001 eru horfnar af yfirborði.

Heimildaskrá

Björn Lárusson, 1967. *Old Icelandic Land Registers*. Doktorsritgerð við Háskólann í Lund. W. F. Salisbury (þýðandi). Lund: Gleerup.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða Íslenzkt *fornbréfasafn*, I-XVI bindi. 1853-1976. Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn/Reykjavík.

IA: Íslenskir annálar IV: *Islandske Annaler indtil 1578*. 1888. G. Storm gaf út: Christiania.

ÍF I: Íslenzk *fornrit I, Íslendingabók, Landnáma. 1*933. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

ÍF XII: Íslendingasögur XII. Árnesingasögur og *Kjalnesinga. Flóamannasaga.* 1953. Reykjavík: Haukadalsútgáfan.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 1918-1921. Kaupmannahöfn: S. L. Möller.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

PP: *Prestatal og prófasta á Íslandi.* 1950. Eftir Hannes Þorsteinsson. 2. útgáfa. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. 2016. *Aðalskráning fornleifa í Flóahreppi. Áfangaskýrsla III. FS598-07173*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. í vinnslu. *Aðalskráning fornleifa í Flóahreppi. Áfangaskýrsla V. FS1100-07175*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

SB II: *Sunnlenskar byggðir II*: *Flóinn*. 1981. Páll Lýðsson (ritstjóri). Reykjavík: Búnaðarsamband Suðurlands.

Sturlunga saga I og II. 1948. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.

Óprentaðar heimildir:

AM 264 fol. Óútgefið handrit. Örnefnasafn – Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

AM 66a 8vo, bl. 25a-26b. Óútgefið handrit. Örnefnasafn – Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915. Nr. 38 og 48. Slóð:
http://islandskort.is/is/category/list/29

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2026. *Bæjarteikningar danskra landmælingamanna.* Slóð: https://atlas.lmi.is/mapview/?application=saga_kort

Sigurjón Erlingsson. *Gaulverjabær – nokkur örnefni og jarðamörk*. Eintak gefið skrásetjara af höfundi.

Túnakort 1918: Túnakort Gaulverjabæjarhrepps. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Ö-Galtastaðir. 1954. *Galtarstaðir*. Sigurjón Þ. Erlingsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Gaulverjabær. 1968. *Gaulverjabær*. Sigurjón Þ. Erlingsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hamar. Án ártals. *Hamar*. Friðfinnur Vilhjálmsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hamar I-II. 1954. *Hamar I-II*. Sigurjón Þ. Erlingsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hamarshjáleiga. 1950. *Hamarshjáleig*a. Sigurjón Þ. Erlingsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Syðri-Völlur. 1955. *Syðri-Völlur (Vesturbær)*. Sigurjón Þ. Erlingsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Umferðarleiðir um Villingaholtshrepp: Árni Magnússon skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands. Slóð:
https://jardir.skjalasafn.is/bok/1


Heimildamenn:

Elvar Ingi Ágústsson, Hamar


Hilmar Árnason, Hamarshjáleiga

Sigurjón Erlingsson, Galtarstaðir

Þórdís Kristjánsdóttir, Skógsnes





Viðaukar: Minjakort



Svæði 1: Villingaholt
Skýringar
Jarðstrengur
Breytingar á legu jarðstrengsins
Fornleifar - mikil hætta
Fornleifar - hætta
Hleðsla
Rof
Bæjarhóll
Grjót
Mógrafir
Torf
Torf og grjót
Þúst
Úttektarsvæði
018054
611029
018052
018052
018056 3
018056 2
018055
018056 1
018053
0
0.25
0.5
0.75
1 km


Svæði 2: Gaulverjabær að Skógsnesi
096030
631005
096016
631004
631009
122019 2
122019 1
123010
123025 2
123025 3
631010
124002
124047
124012
124021
124057
125007
125015
125006
631011
125013
125010 1
125010 2
126007
126004
Skýringar
Jarðstrengur
Breytingar á legu jarðstrengsins
Fornleifar - mikil hætta
Fornleifar - hætta
Hleðsla
Rof
Bæjarhóll
Grjót
Mógrafir
Torf
Torf og grjót
Þúst
Úttektarsvæði
0
0.5
1
1.5
2 km


Svæði 2: Gaulverjabær að Skógsnesi




Svæði 2: Gaulverjabær að Skógsnesi
631005
096016
096030
631009
631004
122019 2
122019 1
Skýringar
Jarðstrengur
Breytingar á legu jarðstrengsins
Fornleifar - mikil hætta
Fornleifar - hætta
Hleðsla
Rof
Bæjarhóll
Grjót
Mógrafir
Torf
Torf og grjót
Þúst
Úttektarsvæði
0
100
200
300
400 m


Svæði 2: Gaulverjabær að Skógsnesi
123010
123025 2
123025 3
631010
124047
124002
124052
124015
124017
124008
124012
124057
124021
Skýringar
Jarðstrengur
Breytingar á legu jarðstrengsins
Fornleifar - mikil hætta
Fornleifar - hætta
Hleðsla
Rof
Bæjarhóll
Grjót
Mógrafir
Torf
Torf og grjót
Þúst
Úttektarsvæði
0
100
200
300
400 m


Svæði 2: Gaulverjabær að Skógsnesi
125007
125015
125006
631011
125010 1
125013
125010 2
Skýringar
Jarðstrengur
Breytingar á legu jarðstrengsins
Fornleifar - mikil hætta
Fornleifar - hætta
Hleðsla
Rof
Bæjarhóll
Grjót
Mógrafir
Torf
Torf og grjót
Þúst
Úttektarsvæði
0
100
200
300
400 m


Svæði 2: Gaulverjabær að Skógsnesi
126013
126007
126008
126001
126003
126004
Skýringar
Jarðstrengur
Breytingar á legu jarðstrengsins
Fornleifar - mikil hætta
Fornleifar - hætta
Hleðsla
Rof
Bæjarhóll
Grjót
Mógrafir
Torf
Torf og grjót
Þúst
Úttektarsvæði
0
100
200
300
400 m